

Sp. 991. Tillaga til þingsályktunar [517. mál]

um nýja byggðastefnu og valddreifingu til héraða og sveitarfélaga.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Steingrímur J. Sigfússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að marka nýja og þróttmikla byggðastefnu og hefja nú þegar aðgerðir til að snúa sem fyrst við fólksflotta utan af landi til höfuðborgarsvæðisins og tryggja íbúum landsbyggðarinnar eðlilega hlutdeild í þeim arði sem þeir leggja til þjóðarbúsins.

Í þessu skyni verði m. a. komið á meiri valddreifingu en nú er með því að flytja heim í héruð verkefni og ákvarðanir til lýðræðislega kjörinna stjórnna og til sveitarfélaga um leið og þeim verði tryggðir nýir og sjálfstæðir tekjustofnar. Jafnframt verði greitt fyrir sameiningu sveitarfélaga í stærri og öflugri einingar en nú er. Með opinberum fjárveitingum og stjórnvaldsaðgerðum verði þannig hlúð að byggðarlögum um land allt og stuðlað að hagkvæmri nýtingu auðlinda til lands og sjávar.

Bent er m. a. á eftirfarandi þætti í byggðastefnu til að árangur náist sem fyrst:

Að koma rekstrarstöðu frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, í það horf að þessir atvinnuvegir hafi forsendur til endurnýjunar og þróunar.

Að tryggja landsbyggðinni vaxandi hlut í þjónustugreinum og nýsköpun í atvinnulífi.

Að auka ráðgjöf í atvinnulífi og um stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðsluþátta úti um land.

Að færa hluta af stjórnsýslu- og þjónustuþáttum ríkisins með skipulegum hætti út í landshlutana.

Að velja stofnunum á vegum ríkisins stað á landsbyggðinni í auknum mæli.

Að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, m. a. orku og fjarskipti.

Að flytja verkefni Bygðasjóðs til sérstakra þróunarsjóða landshlutanna er fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum.

Ríkisstjórnin gefi Alþingi haustið 1985 skýrslu um stöðu byggðamála og leggi fyrir þingið tillögur um nýja byggðastefnu og valddreifingu er taki mið af þessari þingsályktun.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari um nýja byggðastefnu og valddreifingu er gert ráð fyrir róttækri breytingu í byggðamálum með það að markmiði að efnaleg staða landsbyggðarinnar styrkist sem fyrst og sjálfræði einstakra landshluta og sveitarfélaga í eigin málum vaxi til muna frá því sem nú er.

Tillagan gerir ráð fyrir að þessum markmiðum verði m. a. náð með eftirtöldum hætti:

1. Rekstrarstaða frumvinnslugreina, sjávarútvegs og landbúnaðar, verði strax leiðrétt og milliliðir og þeir sem sitja í yfirbyggingunni í þjóðfélaginu komist ekki upp með að blóðmjólka þær lengur.
2. Hlutur landsbyggðarinnar í þjónustustarfsemi verði markvisst aukinn, m. a. með tilfærslu opinberra þjónustuþátta og viðskiptastarfsemi út í landshlutana.
3. Nýsköpun í atvinnumálum verði að verulegu leyti miðuð við eflingu atvinnulífs út um land, reist á góðu skipulagi, virkri ráðgjafarþjónustu og frumkvæði heimamanna.
4. Aðstaða heimila og atvinnustarfsemi á landsbyggðinni verði bætt með því að draga úr mismun á gjaldtöku fyrir opinbera þjónustu, svo sem orku og fjarskipti.

5. Komið verði á héraðsstjórnnum er kjörnar verði með lýðræðislegum hætti í hlutfallskosningum innan viðkomandi þjónustusvæða eða kjördæma.
6. Héraðsstjórnir fái tekjustofna til að ráðstafa í verkefni í ýmsum málaflokkum á viðkomandi svæði. Slíkir tekjustofnar taki m. a. mið af framleiðslustarfsemi á svæðinu og athugað verði að veita til héraða í samræmi við íbúafjölda ákveðnum hundradshluta af söluskatti eða öðrum tekjustofnum sem ríkið hefur notað.
7. Ýtt verði undir stækkun sveitarfélaga með samruna þannig að lífvænlegar einingar myndist í atvinnumálum, félagsmálum og daglegri þjónustu.
8. Sveitarfélögin fái aukið sjálfræði í tekjuöflun, svo og nýja tekjustofna samhliða nýjum verkefnum frá ríkinu.
9. Sjálfstjórn fámennra byggða varðandi sérmálefni haldist að miklu leyti þótt sveitarfélögin stækki. Í því skyni verði kosin hreppsráð í stað hreppsnefndar er fari með heimamálefni í samvinnu við sveitarstjórn.
10. Verkefni Byggðasjóds verði flutt út í landshlutana þar sem stofnaðir verði þróunarsjóðir og þróunarstofur er vinni að hagrænum málum og áætlanagerð á vegum héraðsstjórna. Hér verður á eftir lýst ríkjandi ástandi og helstu ástæðum fyrir því byggðahruni sem nú blasir við að öllu óbreyttu. Síðan er gerð nánari grein fyrir þeim aðgerðum í byggðamálum og valddreifingu sem tillagan gerir ráð fyrir.

1. YFIRLIT UM RÍKJANDI ÁSTAND.

Á undanförunum árum hefur hallað mjög undan fæti í byggðamálum hérlendis. Eftir tímabundið jafnvægi í fólksflutningum milli landsbyggðarinnar og höfuðborgarsvæðisins á síðasta áratug hefur orðið mikil breyting til hins verra vegna fólksflóttu af landsbyggðinni og keyrt hefur um þverbak í tíð núverandi ríkisstjórnar. Þannig reyndist brottflutningur fólks af landsbyggðinni umfram aðflutta nema 1071 manni á árinu 1984 sem er óhagstæðasta niðurstaða frá því að skráning á slíkum flutningum hófst árið 1961. Flest bendir til að þetta sé upphafið að kollsteypu í þróun búsetu í landinu nema strax verði spyrnt á móti með gjörbreyttri stjórnarstefnu og samþættum aðgerðum til að treysta búsetu um land allt.

Óeðlileg byggðaröskun er eitt stærsta þjóðfélagsvandamál hérlendis og það er sameiginlegur hagur landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis að ná tókum á því áður en það verður um seinan. Á höfuðborgarsvæðinu fylgja margháttuð vandamál hinu öra aðstreymi fólks þangað, bæði frá atvinnulegu og félagslegu sjónarmiði. Líkur eru á að verulegur og vaxandi hluti fjölgunar íbúa á höfuðborgarsvæðinu leiði til brottflutnings fólks úr landi. Fyrir landsbyggðina er hér um að ræða undirstöðuna undir tilverurétti hennar því að víða blasir nú við byggðahrun ef fram heldur sem horfir og er það engan veginn einskorðað við útkjálka eða svonefnd jaðarsvæði.

Í töflu I hér á eftir er brugðið upp tölum sem sýna árlega nettótilfærslu fólks milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis á árunum 1971—1984.

Á línuritinu hér fyrir neðan er dregin upp mynd af fólksflutningum innanlands á árunum 1961—1984 til og frá landsbyggðinni. Þar kemur m. a. glöggt fram mikill munur á brottflutningi fólks frá landsbyggðinni og flutningi fólks út á land á árunum 1961—1970 en á þessum áratug „viðreisnarstjórnar“ Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks missti landsbyggðin yfir 7000 manns suður, eða 9% íbúafjöldans eins og hann var árið 1960. Á árunum 1970—71 eykst búsetutilfærsla hér innanlands mjög skyndilega í fyrstu neikvæð fyrir landsbyggðina en á árunum 1975—1978 var komið á jafnvægi þar sem aðflutningur og brottflutningur héldust nær alveg í hendur. Ekki er vafi á að hér skipti sú uppbygging atvinnu, sem grunnur var lagður að af vinstri stjórninni 1971—74, mestu máli ásamt útfærslu landhelginnar. Á sama tíma var Byggðasjóður eflður og miklu fjármagni varið í uppbyggingu opinberrar þjónustu á sviði skólamála og heilsugæslu. Frá árinu 1980 að telja hefur á ný dregið sundur með þessum svæðum landsbyggðinni í óhag þannig að við blasir byggðahrun á mörgum stöðum.

Fylgiskjal IV.

Tafla I Fólksflutningar innanlands
1971 - 84

Ár	Landsbyggð % af íbúafj.	Suðurnes % af íbúafj.	Höfuðborgarsvæði % af íbúafj.
1971	-1.0%	0.7%	0.7%
1972	-0.7%	0.9%	0.4%
1973	-0.1%	0.7%	0.0%
1974	-0.4%	1.6%	0.2%
1975	0.0%	0.2%	0.0%
1976	0.0%	0.8%	-0.1%
1977	0.0%	2.0%	-0.2%
1978	0.1%	0.8%	-0.2%
1979	0.0%	0.0%	0.0%
1980	-0.1%	0.7%	0.0%
1981	-0.7%	0.4%	0.5%
1982	-0.8%	-0.3%	0.6%
1983	-1.0%	0.6%	0.7%
1984	-1.1%	-0.3%	0.9%
Alls	-5.8%	8.4%	3.6%

Heimild: Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild Apríl 1985

Búseta og atvinnubrúun.

Hin neikvæða búsetubrúun síðustu ára hefur orðið á sama tíma og mjög hefur verið þrengt að frumvinnslugreinum, sjávarútvegi og landbúnaði, sem eru undirstaðan í atvinnulífi víðast hvar á landsbyggðinni. Jafnframt hefur dregið þar úr hlutdeild þjónustugreina í atvinnusköpun miðað við landið í heild en hún vaxið að sama skapi á höfuðborgarsvæðinu, sbr. töflu II.

Tafla II.

Hlutdeild landsbyggðarinnar í nýjum störfum

	1964—1970	1971—1974	1975—1979	1980—1982
Útvegsgreinar	136%	131%	81%	69%
Iðngreinar	32%	49%	56%	48%
Þjónustugreinar	19%	25%	36%	23%
Alls	31%	36%	49%	33%

Í þessari töflu er ekki tekið tillit til landbúnaðar en á sama tímabili (1964—82) fækkaði störfum í landbúnaði um 2677. Það eru hins vegar aðrar greinar og þá einkum þjónustugreinar sem skipta sköpum þegar um vöxt þéttbýlis er að ræða sem er ráðandi í þróun byggðar á þessum áratugum.

Stórfelld eignatilfærsla frá frumvinnslugreinum.

Það er ekki aðeins að höfuðborgarsvæðið hirði lungann úr nýjum störfum í þjónustugreinum og í síauknum mæli hin síðustu ár heldur hefur á sama tíma verið þrengt að frumvinnslugreinunum, landbúnaði og sjávarútvegi, með stjórnvaldsaðgerðum. Miðað við þær rekstraráðstæður sem þeim hafa verið búnar, einkum í tíð núverandi ríkisstjórnar, er ekki ofmælt að þessum burðarásum í atvinnulífi landsbyggðarinnar sé að blæða út í fjárhagslegu tilliti.

Þannig liggur það fyrir að á síðustu tveimur árum hefur eiginfjárstaða sjávarútvegsins, þ. e. útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja, versnað sem svarar til 6000 milljóna króna reiknað á föstu verðlagi. Skuldir þessara fyrirtækja eru orðnar yfir $\frac{2}{3}$ af eignunum og eigið fé sem hlutfall af eignun komið niður í þriðjung. Hjá útgerðarfyrirtækjum er þetta hlutfall enn verra eða $\frac{4}{5}$ skuldir á móti $\frac{1}{5}$ í eigin fé en fyrir fjórum árum stóð þetta hlutfall jafnt 50:50.


Þessar staðreyndir byggjast á gögnum frá Seðlabanka Íslands. Það var Kjartan Ólafsson, varaþingmaður Alþýðubandalagsins, sem dró þær fram í dagsljósið í grein í blaðinu Vestfirðingi 4. mars 1985 og er hún birt sem fylgiskjal IV með þessari tillögu.

Þessi gífurlega eignatilfærsla frá helsta undirstöðuatvinnuvegi landsmanna til þjónustugreina og viðskiptalífs er um leið að langmestu leyti eignatilfærsla frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Hún verður ekki nema að óverulegu leyti skýrð með breyttum ytri aðstæðum og er því fyrst og fremst til komin vegna pólitískra aðgerða ráðandi afla í Sjálfstæðis- og Framsóknarflokki sem nú fara með stjórn landsins.

Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í landbúnaði þó að sams konar gögn í tölum hafi enn ekki verið dregin fram í dagsljósið því til staðfestingar.

Ekkert vegur þyngra í byggðamálum en þessi fjármagnstilflutningur vegna stjórnarstefnu síðustu ára og það er langt frá því að afleiðingar hans séu enn komnar í ljós nema að litlu leyti. Honum fylgja ekki aðeins þrengingar og samdráttur í viðkomandi greinum heldur kreppuboðar á öllum sviðum á landsbyggðinni: Tekjur viðkomandi sveitarfélaga dragast stórlega saman, íbúðaverð snarlækkar og atvinna minnkar og um leið tekjur til viðbótar við almenna kjaraskerðingu.

FÓLKSFLOTNINGAR INNANLANDS 1961-1984



Samdráttur í opinberum framkvæmdum.

Annar þáttur sem harðar bitnar á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu er hinn mikli samdráttur að undanfögnu í framlögum ríkisins til opinberra framkvæmda skv. fjárlögum. Þótt fjárlög hafi hækkað ár frá ári í tíð núverandi ríkisstjórnar og skuldir ríkissjóðs vaxið hröðum skrefum hefur framkvæmdafé rýrnað stórlega. Sá mikli samdráttur birtist í lækkuðum fjárveitingum, m. a. til skólabygginga, heilbrigðismála og hafnargerðar. Í samgöngubáttum, sem fyrst og fremst snerta landsbyggðina, er sömu sögu að segja. Framlög til vegamála á yfirstandandi ári eru um hálfum milljarði lægri en vera ætti skv. stefnumörkun Alþingis, sem samþykkt var árið 1982, er nú aðeins 1,87% í stað 2,47% af þjóðartekjum.

Til framkvæmda á flugvöllum vegna innanlandsflugs er í ár aðeins veitt 69 milljónum króna en á sama tíma eru teknar 100 milljónir króna að láni erlendis til flugstöðvarbyggingar á Keflavíkurflugvelli.

Fátt skiptir landsbyggðina meira máli en bættar samgöngur til að tengja saman byggðirnar og á það jafnt við um uppbyggingu atvinnulífs og félagsleg samskipti. Því er stefnan í fjárveitingum til þessara mála afar afdrifarík og talar sínu máli um hug stjórnvalda til byggðaþróunar hverju sinni.

Rýrnun Bygðasjóðs.

Hér hefur verið vakin athygli á hinni almennu stefnu stjórnvalda í atvinnumálum og minnkandi framlögum til opinberra framkvæmda sem mestu skiptir um byggðaþróun hverju sinni. Fyrir liggur að aldrei hefur þessum málum verið verr komið frá því á sjöunda áratugnum en í tíð núverandi ríkisstjórnar. En hvernig skyldi þá vera háttað afkomu Bygðasjóðs og öðrum sértækum ráðstöfunum til stuðnings landsbyggðinni? Það verður best sýnt á meðfylgjandi súluriti þar sem fram kemur heildarráðstöfunarfé Bygðasjóðs á föstu verðlagi á tímabilinu 1972—1985. (Sjá súlurit hér á eftir.)

Þar kemur fram sílækkandi framlag úr ríkissjóði til Bygðasjóðs á undanfögnu árum og að mikið vantar á það í ár að heildarráðstöfunarfé sjóðsins nái þeirri viðmiðun að vera eigi lægra en 2% af útgjöldum fjárlaga hvað þá að ríkisframlag nái því marki eins og upphaflega var gert ráð fyrir. Staða Bygðasjóðs hefur aldrei verið eins bág og skv. áætlun yfirstandandi árs þar sem eigið fé er neikvætt í fyrsta sinn og mikið vantar á að náð sé 2%-markinu þótt allt tiltækt fjármagn sé meðtalið.

2. AÐGERÐIR TIL ÚRBÓTA.


Leiðrétting á rekstrarstöðu frumvinnslugreina.

Skjótvirkasta aðgerðin til að breyta aðstæðum til bóta á landsbyggðinni er að leiðrétta nú þegar rekstrargrundvöll í sjávarútvegi og landbúnaði þannig að vel rekin fyrirtæki í frumvinnslugreinum og fiskvinnslu skili hagnaði og geti staðið undir lífvænlegum launum og keppt um gott vinnuafli við aðrar greinar.

Meðal aðgerða, sem grípa þarf til í þessu skyni, eru tafarlaus lækkun vaxta samhliða lengingu lána, lækkun á orkukostnaði, farmgjöldum og endurskoðun á milliliðakostnaði vegna aðfanga, sölu og dreifingar afurða.

Jafnhliða slíkum ráðstöfunum þarf að hvetja til og taka ákvarðanir um ýmsar grunnbreytingar á rekstrarfyrirkomulagi og stjórnun í frumvinnslugreinunum. Þar er m. a. um að ræða framleiðslustjórnun í landbúnaði með það að markmiði að jafna aðstöðu meðal bænda og fella framleiðslu að landgæðum og markaðsaðstæðum á ákveðnu tímabili. Í sjávarútvegi þarf að þróa kostnaðarminni veiðiaðferðir sem jafnframt skila betra hráefni til vinnslu og nýta hráefni sem sumpart er nú hent eða er vannýtt. Endurskoða þarf tilhögun fiskveiðistjórnunar í ljósi fenginnar reynslu, m. a. varðandi handfæraveiðar og gæðakröfur.

RÍKISFRAMLÖG, "EIGIÐ FÉ" OG LÁNTÖKUR BYGGÐASJÓÐS
 Á VERÐLAGI 1984 M.V. BYGGINGARVÍSITÖLU



Í fiskvinnslu þarf sérstaklega að kanna þá þróun sem nú er hafin með útgerð frystitogara og áhrif hennar á vinnslu í landinu og á nýtingu frystihúsa.

Nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni.

Um leið og tryggja verður viðunandi rekstrarstöðu sjávarútvegs og landbúnaðar þarf að leggja ríka áherslu á nýsköpun atvinnulífs í sveitum og þéttbýli um land allt. Mikið veltur á að nýta vel takmarkað fjármagn í þessu skyni og gera sér fyrir fram sem ljósastar rekstrarforsendur nýrra framleiðsluþátta og atvinnugreina. Auknu fjármagni verður að verja í rannsóknir, ráðgjöf, vöruþróun og markaðsstarfsemi. Vegna aðstæðna skiptir samstarf og samhæfing á sem flestum sviðum enn meira máli fyrir nýsköpun atvinnulífs á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, m. a. vegna flutningskostnaðar og fleiri íþyngjandi þátta.

Endurbætur og gott skipulag samgöngumála er eitt af undirstöðuatriðum til að skapa forsendur fyrir atvinnuþróun út um land. Sama máli gegnir um orkuverð og orkuafhendingu sem verður að vera á hliðstæðum kjörum og á höfuðborgarsvæðinu ef búa á nýrri atvinnustarfsemi svipuð og samkeppnishæf rekstrarskilyrði og á landsbyggðinni.

Ýta þarf undir frumkvæði heimamanna sem víðast með ráðgjöf og aðstoð við að koma á fót nýrri atvinnustarfsemi. Í þeim efnum voru mikilvæg skref stigin á árunum 1979—83, m. a. með löggjöf um iðnráðgjafa og smáfyrirtækjaverkefni undir kjörorðinu: „Taktu þér tak“.

Sem sýnishorn af frekari hugmyndum um atvinnuþróun á landsbyggðinni er á fylgiskjali V birt yfirlit um „Þróunarverkefni — leið til að efla atvinnu- og byggðapróun —“ tekið saman á vegum iðnaðarráðuneytisins.

Það skiptir á sama hátt höfuðmáli fyrir landsbyggðina að í tíð fyrri ríkisstjórna var unnið að hringtengingu raforkukerfisins, sama raforkuverð var lögboðið í heildsölu til allra landshluta og ákvörðun tekin um stórar virkjanir á Norður- og Austurlandi. Jafnframt var við það miðað að innlend stórfyrirtæki, sem hagnýta innlenda orku og hráefni, skuli rísa úti í landshlutunum en ekki einvörðungu á Faxaflóasvæðinu.

Núverandi ríkisstjórn hefur reynt að víkja frá þessari stefnu og tekið á ný upp þjónkun við erlend auðfélög sem engu vilja til kosta að stuðla að byggðapróun hérlendis en hugsa einvörðungu um að ná hámarksgróða út úr viðskiptum við Íslendinga.

Landsbyggðin sækir á í þjónustustarfsemi.

Vöxtur margháttaðrar þjónustustarfsemi hefur sett svip sinn á atvinnuþróun hérlendis síðustu áratugi eins og í löndum á svipuðu hagþróunarstigi. Undir heitinu þjónustustarfsemi rúmast fjölmargar atvinnugreinar sem eiga það helst sammerkt að vera ekki bein vöruframleiðsla. Hér falla undir verslun og viðskipti, flutningastarfsemi, opinber stjórnýsla og mennta- og heilbrigðiskerfi svo að nokkuð sé nefnt.

Menn getur greint á um gildi einstakra þátta í þjónustustarfsemi og um æskilegan vöxt þeirra, m. a. í verslun og bankastarfsemi. Flestir gera ráð fyrir fjölgun starfa í þjónustu en samdrætti eða óbreyttum mannafla í frumvinnslugreinum og iðnaði. Þessu veldur aukin framleiðni, m. a. vegna vélvæðingar og sjálfvirkni.

Í meðfylgjandi töflu III er að finna yfirlit frá Framkvæmdastofnun um fjölgun ársverka á öllu landinu á árunum 1974—82, sundurliðað í einstök tímabil.

Tafla III.

Meðalfjölgun ársverka á ári í landinu öllu.

	1964—1970	1971—1974	1975—1979	1980—1982
Landbúnaður	74	-108	-469	-139
Fiskveiðar og fiskiðnaður	93	97	439	506
Annar iðnaður og veitur	331	420	528	349
Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð .	220	592	-154	471
Þjónustugreinar	1 223	1 934	1 289	2 584
Samtals	1 941	2 935	1 632	3 771
Þjónustugreinar sem hlutfall af heild	63%	66%	79%	69%

Í greinargerð Framkvæmdastofnunar segir um þetta m. a:
 „Atvinnusköpun alls tímabilsins var 44 799 störf sem var 2,7% fjölgun starfa að meðaltali á ári. Lítil hluti þessarar aukningar varð í þeim atvinnugreinum, sem mest tengjast landsbyggðinni, landbúnaði, fiskveiðum og fiskvinnslu. Í landbúnaði fækkaði störfum um 2 677, fjölgaði í fiskveiðum um 1 281 og í fiskvinnslu um 3 468. Fjölgun starfa í þessum greinum samanlagt var 2 072 eða 4,6% af heildarfjölgun starfa. Stærsti hluti aukningarinnar var í þjónustugreinum. Þar bættust við 30 490 ný störf eða 68% heildaraukningarinnar.“

Í töflu II hér á undan kom fram að hlutur þjónustugreina á landsbyggðinni fór minnkandi á árunum 1980—82 en vaxandi á höfuðborgarsvæðinu. Nánari athugun varðandi árabilið 1976—82 sést í töflu IV skv. gögnum Framkvæmdastofnunar.

Tafla IV.

Fjölgun ársverka 1976—1982.

	Aðalþéttbýli höfuðborgar- svæðisins	Aðrir hlutar Suðvestur- lands	Lands- byggðin	Ísland
Grunngreinar	+817	+795	+1 736	+3 348
Þjónustugreinar	+7 563	+1 720	+2 097	+11 380
Margföldun	7 563	1 720	2 097	11 380
	817	795	1 736	3 348
	= 9,26	= 2,16	= 1,21	= 3,40

Hér kemur það fram að á móti hverju einu starfi í framleiðslugreinum (grunngreinum) koma rúmlega níu störf í þjónustustörfum á höfuðborgarsvæðinu en einungis rúmlega eitt úti á landi.

Það er við þessari þróun sem sérstaklega verður að sporna vilji menn í raun stöðva fólksstrauminn frá landsbyggðinni. Það verður ekki gert með því einu að rétta við rekstrarstöðu frumvinnslugreinanna, að auki verður landsbyggðin að taka til sín langtum meiri hlut í þjónustustörfum. Þar reynir á að ríkisvald og sveitarfélög veiti skynsamlega forustu um breytingar á stjórnsýslu og marki nýja farvegi fyrir það fjármagn sem að miklu leyti verður til í undirstöðugreinum á landsbyggðinni.

Einn þáttur, sem miklu skiptir, er innflutningsverslunin sem landshlutarnir þyrftu að taka í eigin hendur að verulegu leyti, svo og aðflutning á vörum, m. a. með beinum siglingum frá útlöndum.

Byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins dregur upp eftirfarandi mynd af skiptingu fólksfjölda og aldursskiptingu milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar miðað við árslok 1984 skv. bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands:

Höfuðborgarsvæðið	130 485	54%
Aðrir landshlutar	109 600	46%
Ísland	240 085	100%

Eftirfarandi tafla gefur einfalda mynd af aldursskiptingu svæðanna:

Aldursskipting 1984.

	Höfuðborgar- svæðið	Aðrir landshlutar	Ísland
Undir 20 ára	33%	38%	36%
20—69 ára	60%	55%	57%
70 ára og eldri	7%	7%	7%

Um þetta segir í drögum að ársskýrslu byggðadeildar:

„Hlutfallslega fleira ungt fólk býr utan höfuðborgarsvæðisins, sjötugir og eldri eru í sama hlutfalli. Vegna þessarar aldursskiptingar kemur hlutfallslega fleira fólk inn á vinnumarkaðinn úti á landi, þ. e. a. s. sé ekki reiknað með flutningum. Framreikningur á atvinnumannafla gefur eftirtaldar niðurstöður:

Fjöldi nýliða á vinnumarkaði 1985—1994 miðað við óbreytt landsmeðaltal atvinnuþátttöku.

	Fjöldi nýliða	Meðalfjölgun á ári
Höfuðborgarsvæðið	7 315	1,0%
Aðrir landshlutar	9 370	1,7%
Ísland	16 685	1,4%

Vegna mismunar á aldursskiptingu eru nýliðar meira en tveimur þúsundum fleiri utan höfuðborgarsvæðisins en innan. Markmið byggðapróunaradgerða er m. a. að skapa atvinnu nærri heimahögum fyrir eins mikinn hluta þessa fólks og unnt er. Reynslan hefur sýnt að þegar þetta er mögulegt hefur fólk valið nálæga þéttbýlisstaði til búsetu. Hér er gengið út frá því að það sé ósk mikils hluta þessa unga fólks að eiga kost á framtíðarvinnu innan síns héraðs eða landshluta.“

Þessar tölur tala skýru máli um það stóra verkefni sem við blasir á vettvangi byggðamála.

Ný tæk á stjórnsýslu.

Peir þættir eru margir þar sem opinberir aðilar geta haft áhrif á byggðapróun ef fylgt er skilmerkilegri stefnu, ekki aðeins í atvinnuþróun heldur einnig á sviði stjórnsýslu.

Þar er hægt að breyta til með róttækum hætti og hafa með því veruleg áhrif á byggðapróunina. Verður hér bent á nokkur atriði sem til álita koma:

a. Nýjum ríkisstofnunum og stjórnsýsluþáttum ríkisins verði í vaxandi mæli komið á fót utan höfuðborgarsvæðisins og ekki bætt við mannafla á Reykjavíkursvæðinu á vegum ríkisins eða ríkisstofnana nema í litlum mæli. Ákvörðun um slíka stefnu verði tekin í fyrstu til 10 ára og endurskoðuð að fenginni 5 ára reynslu.

b. Starfsemi stjórnarráðs og ríkisstofnana verði endurskoðuð á vegum Alþingis með það að markmiði að flytja á næstu 5 árum marga stjórnsýslu- og þjónustuþætti, sem ríkið nú hefur með höndum að hluta til, út í byggðarlögin (útbú), þar sem þeim verði komið fyrir á vegum ríkisins eða héraðsstjórna í samstarfi við sveitarfélög í landshlutunum.

Meðal málaflokka, sem athuga ætti í þessu sambandi, eru eftirtaldir:

Húsnæðismál

Almannatryggingar

Skipulagsmál

Byggðamál

Menntamál

Málefni safna

Heilbrigðiseftirlit

Rafmagnseftirlit

c. Ýmis verkefni, sem ríkið hefur nú með höndum eða að hluta til, verði alfarið færð til sveitarfélaga í tengslum við markvissa stækkun þeirra. Endurskoðun á tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga haldist í hendur við slíka uppstokkun ríkiskerfisins.

Við gerð áætlunar um tilfærslu opinberrar þjónustu og ríkisstofnana verði m. a. höfð hliðsjón af álitni stofnananefndar sem skilaði af sér til stjórnvalda á árinu 1975, sbr. fylgiskjal VII.

Ekki er vafi á að tilfærsla á verkefnum og mannafla skv. lið a—c hér að ofan mundi hafa veruleg áhrif, bæði beint með fjölgun starfa svo og til að efla sjálfstraust og atgervi innan héraða og viðkomandi byggðarlaga.

Nýtt stjórnsýslustig.

Tillagan gerir ráð að komið verði á héraðsstjórnnum sem kosið verði til beint með lýðræðislegum hætti samhliða sveitarstjórnarkosningum. Fáí héruðin sjálfstjórn og umsýslu í ýmsum málaflokkum sem nú eru í höndum ríkis eða ríkis og sveitarfélaga.

Héraðsstjórnirnar fáí ákvörðunarvald í málum sem varða viðkomandi svæði, þar á meðal skiptingu fjármagns sem Alþingi veitir til tiltekinna málaflokka, t. d. fræðslumála, samgöngumála og heilbrigðismála.

Þá fari héruðin með ráðgefandi vald í málum sem sameiginleg eru með ríki og sveitarfélögum á viðkomandi svæði. Á vettvangi héraðsstjórna yrði einnig um að ræða margs konar samráð í málum sem varða sveitarfélög einvörðungu.

Álitamál er hversu vítt héruðin eiga að spanna landfræðilega. Kemur þar einkum til greina að miða þau við skiptingu landsins í þjónustusvæði sem samkvæmt hugmyndum byggðadeildar Framkvæmdastofnunar gætu orðið rúmlega tuttugu talsins eða að miða við núverandi kjördæmaskiptingu, þ. e. utan Suðvesturlands (Reykjanes- og Reykjavíkurbjörkdæmi). Hvor kosturinn, sem valinn væri, er að mati flutningsmanna þessarar tillögu líklegur til að auka sjálfstæði landsbyggðarinnar og ýta undir samruna sveitarfélaga þegar til lengri tíma er litið.

Tekjuöflun héraða og sveitarfélaga.

Hverju héraði verði ætlaðir tekjustofnar til að standa undir þeim verkefnum er verða á valdi héraðsstjórna, svo og sameiginlegum verkfnum skv. ákvörðun sveitarfélaga á viðkomandi svæði.

Tekjur, sem héraðsstjórnir fengu til ráðstöfunar, gætu komið m. a. frá eftirtöldum aðilum:

- a. frá ríki skv. ákvörðun Alþingis, m. a. með hliðsjón af framleiðslustarfsemi á viðkomandi svæði miðað við verðmætasköpun næsta ár á undan;
- b. frá ríkissjóði sem ákveðið hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs af söluskatti og þá í samræmi við íbúatölu á svæðinu;
- c. frá sveitarfélögum skv. samkomulagi um sameiginleg verkefni á svæðinu;
- d. frá aðilum sem hafa stóran hluta tekna sinna af viðskiptum við landsbyggðina en greiða nú aðstöðugjald til þess staðar, þar sem þeir hafa heimili og varnarþing (tryggingafélög, skipafélög, innflutningsfyrirtæki, bankar o. s. frv.).

Gert er ráð fyrir að sveitarfélög afli áfram tekna með útsvari en skv. eigin ákvörðun um álagningarhlutfall. Framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga koma því aðeins til álita að nýtt hafi verið tiltekið lágmarkshlutfall við álagningu útsvars. Taka þarf tillit til aðstæðna sveitarfélaga til tekjuöflunar, m. a. að sjávarpláss þurfa að jafnaði að leggja í mun meiri tilkostnað til að afla tekna en staðir sem byggja fyrst og fremst á iðnaði og þjónustu.

Þróunarsjóðir og þróunarstofur landshluta.

Í tengslum við héraðsstjórnir innan hvers landshluta (kjördæmis) verði komið á fót **þróunarsjóðum** er taki við verkefnum Bygðasjóðs og fái fjármagn frá ríki, sveitarfélögum og stórfyrirtækjum sem að meiri hluta eru í eigu ríkisins og staðsett eru í viðkomandi landshluta (orkuver, orkufrek iðnfyrirtæki). — Héraðsstjórnir í hverjum landshluta (kjördæmi) ættu sameiginlega að starfrækja **þróunarstofur** sem ætlað sé það hlutverk að safna upplýsingum og gera tillögur um hagþróun og sameiginleg langtíma verkefni í viðkomandi landshluta.

Rétt er að gera ráð fyrir að sett verði á fót Bygðastofnun um leið og Framkvæmdastofnun er lögð niður. Bygðastofnunin ætti að verða þjónustu- og stuðningsaðili við þróunarstofur og þróunarsjóði landshlutanna.

Hérðsstjórnirnar tækju ákvörðun um verkefnaval þróunarstofa og settu reglur um úthlutun fjármagns úr þróunarsjóði landshlutans til nýsköpunar í atvinnulífi og brýnna sameiginlegra viðfangsefna, þar á meðal fjárveitingar til viðbótar öðrum framlögum skv. fjárhagsáætlun fyrir einstök svæði eða skv. fjárlögum Alþingis. Gera verður ráð fyrir að héraðsstjórnir komi saman nokkrum sinnum á ári og starfræki skrifstofu, sem m. a. hafi umsjón með fjárreiðum og eftirlit með störfum þróunarstofu og þróunarsjóðs.

Stækkun sveitarfélaga — þjónustusvæði.

Að mati flutningsmanna er eðlilegt að stefnt sé að auknu samstarfi og sameiningu sveitarfélaga frá því sem nú er þannig að þau nái því sem víðast að mynda lífvænlegar heildir sem rækt geti lágmarksþjónustu við íbúana og skyldur sem sveitarfélögunum eru lagðar á herðar af löggjafanum.

Slíkt samstarf og samruni sveitarfélaga hlýtur ekki síst að fara eftir landfræðilegum aðstæðum og samgöngum þannig að úr verði starfhæf þjónustusvæði í atvinnulegu og félagslegu tilliti.

Við sameiningu fámennra sveitarfélaga innbyrðis eða við fjölmennari sveitarfélög er eðlilegt að gera áfram ráð fyrir sjálfstjórn hreppanna í þeim málum er snerta fyrst og fremst íbúa innan þeirra, svo sem barnafræðslu (skólasel), fjallaskil og félagsheimili. Þannig verði kosin sérstök **hreppsráð** í dreifbýli í stað hreppsnefnda samhliða sveitarstjórnarkosningum og fari þau með sérstök málefni er varða íbúa hreppsins skv. framansögðu í samráði við sveitarstjórn svæðisins.

Með þessari sveigjanlegu skipan á í senn að vera unnt að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og viðhalda með eðlilegum hætti þeirri valddreifingu sem nú er innan fámennra sveitarfélaga.

Eðlilegt er að ríki og héraðsstjórnir hvetji til sameiningar sveitarfélaga með félagslegum og fjármálalegum ráðstöfunum án þess að til valdboðs þurfi að koma. Þýðingarmikið atriði í þeirri nýskipan byggðamála, sem tillaga þessi gerir ráð fyrir, er sameining sveitarfélaga þannig að ákveðin lágmarksstærð náist innan landfræðilega skynsamlegra marka.

Byggðanefnd þingflokka.

Vorið 1984 skipaði Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra svonefnda byggðanefnd þingflokka undir forustu Lárusar Jónssonar, bankastjóra Útvegsbankans, og eiga fulltrúar tilnefndir af þingflokkunum sæti í henni.

Nefnd þessi hafði haldið 12 fundi í lok febrúar 1985 og safnað nokkru efni og hugmyndum, m. a. frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Hins vegar bólar lítið á tillögum frá nefndinni utan erindi sem beint var til þingflokka 27. febr. s. l. og birt er sem fylgiskjal IX með þessari þingsályktunartillögu.

Þannig er ljóst að ekki er að vænta mikils frumkvæðis af þessari nefnd eða af ríkisstjórninni nema Alþingi láti þessi brýnu mál til sín taka. Með hliðsjón af þessari stöðu og nauðsyn aðgerða hið fyrsta er þingsályktunartillaga þessi nú flutt.

Fylgiskjöl:

- I. Fólksflutningar innanlands 1971—1984. Framkvæmdastofnun — byggðadeild, apríl 1985.
- II. Ársverk og meðallaun eftir kyni, svo og atvinnuþátttaka á árinu 1983. Framkvæmdastofnun — áætlanadeild, febrúar 1985.
- III. Byggðasjóður: Skipting samþykktara lána og styrkja árið 1984. Framkvæmdastofnun, 1985.
- IV. Sjávarútvegurinn rændur 6000 milljónum á tveimur árum. Grein Kjartans Ólafssonar í Vestfirðingi 4. mars 1985.
- V. Þróunarverkefni — Leið til að efla atvinnu- og byggðapróun. Iðnaðarráðuneytið, september 1984.
- VI. Álit nefndar forsætisráðuneytisins „til að kanna staðarval ríkisstofnana . . .“, október 1975 — útdráttur.
- VII. Afstaða ríkisstjórnar Geirs Hallgrímssonar til nefndarálits um flutning ríkisstofnana, apríl 1978.
- VIII. Helstu niðurstöður úr skýrslu samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ágúst 1983.
- IX. Byggðanefnd þingflokka — erindi til formanna þingflokka frá 27. febrúar 1985.

Fylgiskjal I.

**Frækvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild**

Höfuðborgarsvæði.

Innanlandsflutningar 1971-84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	4856	4100	756	0.7%
1972	5111	4638	473	0.4%
1973	4561	4589	-28	0.0%
1974	5739	5540	199	0.2%
1975	5496	5510	-14	0.0%
1976	5349	5446	-97	-0.1%
1977	5859	6065	-206	-0.2%
1978	5527	5709	-182	-0.2%
1979	5333	5312	21	0.0%
1980	5581	5552	29	0.0%
1981	6001	5428	573	0.5%
1982	5916	5148	768	0.6%
1983	6153	5289	864	0.7%
1984	6520	5407	1113	0.9%
ALLS	78002	73733	4269	3.6%

Sveitarfélaganúmer : 0-1604, 2603-2604.

**Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild**

Landsbyggð.

Innanlandsflutningar 1971-84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	3334	4165	-831	-1.0%
1972	3547	4120	-573	-0.7%
1973	4216	4270	-54	-0.1%
1974	4374	4766	-392	-0.4%
1975	4197	4208	-11	0.0%
1976	4298	4294	4	0.0%
1977	4457	4501	-44	0.0%
1978	4193	4112	81	0.1%
1979	4266	4290	-24	0.0%
1980	4371	4498	-127	-0.1%
1981	4327	4948	-621	-0.7%
1982	4392	5114	-722	-0.8%
1983	4039	4988	-949	-1.0%
1984	4308	5373	-1065	-1.1%
ALLS	58319	63647	-5328	-5.8%

Sveitarfélaganúmer : 3000-8718.

Framkvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

Suðurnes.

Innanlandsflutningar 1971-84.

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	605	530	75	0.7%
1972	583	483	100	0.9%
1973	603	521	82	0.7%
1974	915	722	193	1.6%
1975	706	681	25	0.2%
1976	722	629	93	0.8%
1977	950	700	250	2.0%
1978	827	726	101	0.8%
1979	813	810	3	0.0%
1980	781	683	98	0.7%
1981	868	820	48	0.4%
1982	827	873	-46	-0.3%
1983	973	888	85	0.6%
1984	911	959	-48	-0.3%
ALLS	11084	10025	1059	8.4%

Sveitarfélaganúmer : 2200-2506.

Frákvæmdastofnun ríkisins
Byggðadeild

LANDSBYGGÐ OG SUÐURNES

INNANLANDSFLUTNINGAR 1971-84

AR	TIL	FRA	MISM.	% AF IBUAFJ.
1971	3939	4695	-756	-0.8%
1972	4130	4603	-473	-0.5%
1973	4819	4791	28	0.0%
1974	5289	5488	-199	-0.2%
1975	4903	4889	14	0.0%
1976	5020	4923	97	0.1%
1977	5407	5201	206	0.2%
1978	5020	4838	182	0.2%
1979	5079	5100	-21	0.0%
1980	5152	5181	-29	0.0%
1981	5195	5768	-573	-0.5%
1982	5219	5987	-768	-0.7%
1983	5012	5876	-864	-0.8%
1984	5219	6332	-1113	-1.0%
ALLS	69403	73672	-4269	-4.1%

Sveitarfélaganúmer : 2200-2506,3000-8718.

Fylgiskjal II.

ISLAND

ÁRSVERK OG MEÐALLAUN EFTIR KYNI 1983

NÚMER ATVGR.	NAFN ATVINNUGREIÐAR	KARLAR		KONUR		KARLAR+KONUR+ÓFLOKK.	
		ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.
11	LANDEIÐNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
13	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
30	FISKVINSLA	5327	284	4723	217	10171	252
31	MATVÆLAÐNAÐUR	1997	285	1583	184	3586	240
32	VEFJARÐNAÐUR	865	284	1506	182	2376	219
33	TRJÁVORUÐNAÐUR	1429	258	146	172	1576	250
34	PAPPÍRSIÐNAÐUR	1170	319	686	215	1857	280
35	EFTAÐNAÐUR	747	295	234	194	982	271
36	STEINEFNAÐNAÐUR	722	306	120	195	844	290
37	ÁL OG JÁRNELENDI	765	399	80	270	845	387
38	MÁL- OG SKIPASMÍÐI	3164	301	265	181	3433	292
39	ÝMIS IÐNAÐUR	359	333	80	167	441	302
40	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
50	BYGGINGAR SEM ATV.REK.	7359	305	580	190	7968	297
51	BYGGINGAR Í EIGIN ÞÁGU	302	238	8	171	310	236
52	OPINBERAR FRAMVÆÐIR	2460	288	356	156	2823	271
61	HEILDVERSUN	3783	304	1640	209	5431	275
62	SMÁSÖLVERSUN	2897	276	4803	187	7722	221
63	VEITINGAR OG HÓTEL	736	267	1537	200	2281	221
71	FLUTNINGAR	5170	293	997	223	6171	285
72	PÓSTUR OG SÍMI	668	302	959	216	1627	251
81	PENINGASTOFNANIR	1061	357	1921	219	2983	268
82	TRYGGINGAR	378	376	420	214	797	291
83	ÞÓGNUNAR VÍÐ ATV.REK.	1807	382	995	209	2808	320
91	OPINBER STJÓRNSÝSLA	3903	357	1853	205	5760	308
92	GÖTU- OG SORPHREIÐING	242	251	30	221	272	248
93	OPINBER ÞÓGNUNAR	5999	334	12489	216	18517	254
94	MENNINGARSTARFSEMI	1050	247	772	198	1827	226
95	PERSÓNLEG ÞÓGNUNAR	2689	265	953	151	3650	235
96	VARVARLEIÐIÐ	716	418	345	232	1060	358

ATVINNUEGIR

LANDEIÐNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
FISKVINSLA	5327	284	4723	217	10171	252
IÐNAÐUR	11218	301	4700	189	15940	268
VEITUR	886	400	239	216	1126	361
BYGGINGAR	10121	299	944	177	11101	289
VERSUN	7417	289	7980	194	15434	240
SAMGÖNGUR	5837	294	1956	220	7798	278
BANKAR OG FL.	3246	373	3336	216	6588	293
ÞÓGNUNAR	14600	324	16441	211	31087	264
ATVINNUEGIR ALLS	68920	308	44001	200	113579	265

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

höfudborgarsvæði

NUMER ATVGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR		KONUR		SAMTALS	
		ARSVERK	MEDALL/ARSU	ARSVERK	MEDALL/ARSU	ARSVERK	MEDALL/ARSU
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	123.3	928	65.7	373	189.0	735
11	LANDBUNADUR	326.9	165	143.1	148	469.9	160
13	FISKVEIDAR	1095.7	487	37.8	251	1133.5	479
30	FISKVINNSLA	1123.2	270	846.1	212	1969.3	246
31	MATVÆLAIDNADUR	964.7	286	871.3	177	1835.9	234
32	VEFJARIDNADUR	395.4	280	784.9	182	1180.3	215
33	TRJAVORUIDNADUR	761.6	247	84.0	177	845.6	240
34	PAPPIRSIDNADUR	1030.1	321	626.5	218	1656.6	282
35	EFNAIDNADUR	554.8	301	192.6	198	747.4	274
36	STEINFNAIDNADUR	328.9	316	67.8	199	396.7	296
37	AL OG JARNBLENDI	614.5	400	56.6	270	671.1	389
38	MALM OG SKIPASMIDI	1720.6	297	164.8	182	1885.4	287
39	YHIS IDNADUR	306.6	335	73.9	165	380.6	302
40	RAFNI, HITI OG VATN	420.3	397	138.5	219	558.8	353
50	BYGG. SEM ATV.REK.	3904.1	310	292.9	182	4197.1	301
51	BYGG. I EIGIN PAGU	150.9	238	3.4	170	154.3	237
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	1278.0	289	192.7	148	1470.6	271
61	HEILOVERSLUN	3282.2	305	1450.8	209	4733.1	275
62	SMASLUVERSLUN	1470.3	284	2571.0	191	4041.3	225
63	VEITINGAR OG HOTEL	543.1	266	996.7	195	1539.7	220
71	FLUTNINGAR	3467.2	314	781.7	231	4248.9	299
72	POSTUR OG SIMI	381.6	298	519.6	218	901.3	252
81	PENINGASTOFHANIR	794.2	359	1367.1	223	2161.2	273
82	TRYGGINGAR	300.1	346	351.5	209	651.6	272
83	ÞJON. VID ATV.REK.	1564.4	383	827.6	213	2392.1	324
91	OPINB. STJORNISYSLA	2447.2	361	1210.8	215	3657.9	313
92	GOÐU OG SORHREINSLUN	181.3	259	22.8	224	204.1	255
93	OPINBIR ÞJONUSTA	4039.1	367	8381.8	219	12420.9	257
94	SALMANTANIR/ÞJOTTIF	635.4	253	596.6	200	1432.0	239
95	FRAGGALLEG ÞJON.	1703.0	269	666.9	150	2370.7	236
96	VARNARLIDID	235.9	525	31.2	299	267.1	489

höfudborgarsvæði

ATVINNUVEGIR	KARLAR			KONUR			SAMTALS		
	ARSVERK	MEDALL/ARSV.		ARSVERK	MEDALL/ARSV.		ARSVERK	MEDALL/ARSV.	
LANDIÐ	326.9	1%	165	143.1	1%	148	469.9	1%	160
FISKVEIDAR	1095.7	3%	487	37.8	0%	251	1133.5	2%	479
FISKVINNSLA	1123.2	3%	270	846.1	3%	212	1969.3	3%	246
IDNADUR	6677.2	18%	305	2922.4	12%	191	9599.6	16%	270
VEITUR	420.3	1%	397	138.5	1%	219	558.8	1%	353
BYGGINGAR	5333.0	15%	303	489.0	2%	168	5822.0	10%	291
VERSLUN	5295.6	15%	295	5018.5	21%	197	10314.1	17%	247
SAMGONGUR	3848.8	11%	313	1301.3	5%	226	5150.2	8%	291
BANKAR OG FL	2658.7	7%	372	2546.2	10%	218	5204.9	9%	296
ÞJONUSTA	9566.0	26%	334	10977.8	45%	215	20543.7	34%	270

ARSVERK KARLAR = 36345.3
ARSVERK KONUR = 24420.7

MEDALL/ARSV.KARLAR = 320.9
MEDALL/ARSV.KONUR = 207.7

SAMTALS ARSVERK = 60766.0
MEDALLAUN A ARSVERK = 275.4

LAUN ALLS(mkr) = 16736.1

SVEITARFELAG 0-1604; 2603-2604;

ATH: STJARNNA ER SEIT FYRIR MEDALLAUN EF ARSVERK ERU TVÖ EÐA FÆRRI.

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

suðurnes

NUMER ATVGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR		KONUR		SAMTALS	
		ARSVERK	MEÐALL/ARSU	ARSVERK	MEÐALL/ARSU	ARSVERK	MEÐALL/ARSU
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	17.6	415	13.0	208	30.6	327
11	LANDBUNADUR	48.6	168	17.0	131	65.6	159
13	FISKVEIDAR	622.3	410	54.7	203	677.0	393
30	FISKVINNSLA	553.8	277	576.9	197	1130.7	236
31	MATVÆLAINADUR	35.5	295	67.4	169	102.8	212
32	VEFJARIDNADUR	30.1	274	16.6	175	46.7	239
33	TRJAVORUIDNADUR	79.5	262	16.5	162	96.0	244
34	PAPPIRSIDNADUR	7.3	337	1.2	*	8.5	317
35	EFNADNADUR	6.0	288	3.0	213	9.0	263
36	STEINEFNADNADUR	27.8	394	4.5	271	32.3	377
37	AL OG JARNBLENDI	10.0	387	1.6	*	11.6	368
38	MALM OG SKIPASMIDI	198.6	318	17.2	210	215.8	309
39	YKIS IDNADUR	12.6	420	4.1	209	16.8	368
40	RAFNI, HITI OG VATN	55.6	360	14.3	158	69.9	319
50	BYGG. SEM ATV.REK.	746.3	345	91.6	196	837.9	328
51	BYGG. I EIGIN ÞAGU	15.2	327	0.0	*	15.2	326
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	67.7	236	13.8	119	81.5	216
61	HEILDVERSLUN	100.6	307	54.4	193	155.1	267
62	SMASÖLUVERSLUN	112.7	303	248.7	192	361.4	226
63	VEITINGAR OG HOTEL	15.3	248	57.7	212	73.0	219
71	FLUTNINGAR	257.5	281	40.9	202	298.3	270
72	POSTUR OG SIMI	25.6	271	44.0	227	69.6	243
81	PENINGASTOFNANIR	30.2	404	94.6	211	124.8	257
82	TRYGGINGAR	8.2	392	8.1	214	16.3	303
83	ÞJON. VID ATV.REK.	25.4	326	28.6	181	54.0	250
91	OPINB. STJORNISYSLA	211.8	363	74.2	185	286.0	317
92	GÖTU OG SORPHREINSUN	7.4	417	1.5	*	8.9	377
93	OPINB. ÞJONUSTA	162.7	297	356.3	188	519.0	222
94	SKEMMTANIR, ÍÞROTTIR	22.5	253	37.9	175	60.4	203
95	PERSONULEG ÞJON.	183.7	264	83.4	181	267.1	206
96	VARNARLIÐIÐ	460.3	261	208.6	203	668.9	205

súðurnes

ATVINNUVEGIR	KARLAR			KONUR			SAMTALS		
	ARSVERK		MEDALL/ARSV.	ARSVERK		MEDALL/ARSV.	ARSVERK		MEDALL/ARSV.
LANDBUNADUR	48.6	1%	168	17.0	1%	131	65.6	1%	159
FISKVEIDAR	622.3	15%	410	54.7	2%	203	677.0	10%	393
FISKVINNSLA	553.8	13%	277	576.9	25%	197	1130.7	17%	236
IDNABUR	407.4	10%	311	132.1	6%	181	539.5	8%	280
VEITUR	55.6	1%	360	14.3	1%	158	69.9	1%	319
BYGGINGAR	829.2	20%	335	105.5	4%	186	934.7	14%	318
VERSLUN	228.6	6%	301	360.8	15%	195	589.4	9%	236
SANGONGUR	283.1	7%	280	84.9	4%	215	368.0	6%	265
BANKAR OG FL	63.7	2%	371	131.3	6%	204	195.0	3%	259
ÞJONUSTA	1016.0	25%	339	875.8	37%	198	1891.8	29%	274

ARSVERK KARLAR = 4108.3
ARSVERK KONUR = 2353.3

MEDALL/ARSV.KARLAR = 330.5
MEDALL/ARSV.KONUR = 196.1

SAMTALS ARSVERK = 6461.5
MEDALLAUN A ARSVERK = 281.6

LAUN ALLS(mkr) = 1819.5

SVEITARFELAG 2200-2506;

ATH: STJARNA ER SEIT FYRIR MEDALLAUN EF ARSVERK ERU TVÖ EDA FÆRRI.

* ARSVERK OG LAUN EFTIR KYNI 1983 *

landsbygdin

NUMER ATUGR	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR		KONUR		SAMTALS	
		ARSVERK	MEÐALL/ARSU	ARSVERK	MEÐALL/ARSU	ARSVERK	MEÐALL/ARSU
1	OPEKKT ATVINNUGREIN	143.2	371	70.4	236	213.5	327
11	LANDBUNADUR	5214.5	145	3296.1	128	8510.6	139
13	FISKVEIDAR	3392.3	473	130.5	216	3523.8	463
30	FISKVINNSLA	3770.1	285	3300.1	221	7070.2	255
31	MATVÆLAIDNADUR	1003.7	282	643.8	194	1647.5	248
32	VEFJARIDNADUR	444.9	286	704.2	181	1149.2	222
33	TRJAVORUIDNADUR	588.4	269	45.3	163	633.7	262
34	PAPPIRSIDNADUR	131.2	291	56.9	186	188.2	259
35	EFNAIDNADUR	186.0	273	38.7	171	224.7	255
36	STEINEFNAIDNADUR	366.2	291	47.7	181	413.9	279
37	AL OG JARNBLENDI	140.9	392	21.7	274	162.6	376
38	MALM OG SKIPASKIDI	1251.5	301	83.2	174	1334.7	293
39	YHIS IDNADUR	41.2	274	2.1	183	43.3	270
40	RAFNI, HITI OG VATN	410.1	405	86.1	221	496.2	373
50	BYGG, SEM ATU.REK.	2736.4	285	195.8	199	2932.2	279
51	BYGG, I EIGIN PAGU	136.3	225	4.3	171	140.6	223
52	OPINB. FRAMKVÆMDIR	1148.8	273	149.3	167	1298.1	261
61	HEILDVERSLUN	406.3	264	133.6	204	539.9	249
62	SMASÖLUVERSLUN	1337.9	259	1982.9	181	3320.8	212
63	VEITINGAR OG HOTEL	165.4	265	477.4	208	662.8	224
71	FLUTNINGAR	1443.6	257	174.7	168	1618.5	249
72	POSTUR OG SIMI	260.5	285	391.5	211	652.0	240
81	PENINGASTOFNANIR	236.9	330	459.5	208	696.4	256
82	TRYGGINGAR	70.7	295	60.0	208	130.7	255
83	ÞJON. VID ATU.REK.	223.6	348	137.8	101	361.3	267
91	OPINB. STJORNISYSLA	1272.5	319	560.9	182	1833.3	277
92	GÖTU OG SORFHREIÐSUN	49.6	217	5.2	223	54.8	218
93	OPINBER ÞJONUSTA	1900.7	299	3792.2	209	5692.8	239
94	SKEMMTANIR, IPNOTIIF	196.5	205	133.3	179	329.8	195
95	PERSONLLEG ÞJON.	863.0	253	200.9	143	1063.9	232
96	VÆFARLIDID	19.5	333	3.9	209	23.4	312

landsbyssáttin

ATVINNUVEGIR	KARLAR		KONUR		SAMTALS				
	ARSVERK	MEDALL/ARSV.	ARSVERK	MEDALL/ARSV.	ARSVERK	MEDALL/ARSV.			
LANDRUMADUR	5214.5	18%	145	3296.1	19%	128	8510.6	18%	139
FISKVEIDAR	3393.3	11%	473	130.5	1%	216	3523.8	8%	463
FISKVINNSLA	3770.1	13%	285	3300.1	19%	221	7070.2	15%	255
IDNADUR	4154.1	14%	291	1643.6	9%	187	5797.7	12%	261
VEITUR	410.1	1%	405	86.1	0%	221	496.2	1%	373
BYGGINGAR	4021.6	14%	280	349.3	2%	185	4370.9	9%	272
VERSLUN	1929.6	7%	261	2594.0	15%	187	4523.5	10%	218
SAMGONGUR	1704.3	6%	261	566.2	3%	204	2270.5	5%	247
BANKAR OG FL	531.2	2%	333	657.2	4%	204	1188.4	3%	262
ÞJONUSTA	4444.8	15%	293	4766.8	27%	202	9211.6	20%	246

ARSVERK KARLAR = 29573.5
 ARSVERK KONUR = 17389.8

MEDALL/ARSV. KARLAR = 282.8
 MEDALL/ARSV. KONUR = 188.0

SAMTALS ARSVERK = 46963.4
 MEDALLAUN A ARSVERK = 247.7

LAUN ALLS(mkr) = 11632.0

SVEITARFELAG 3000-8718;


ATH: STJARNNA ER SEIT FYRIR MEDALLAUN EF ARSVERK ERU TVÖ EOA FÆRRI.

* ATVINNUPATTTAKA 1983 *

höfudborgarsvæði

KARLAR
38038

KONUR
30985




SVEITARFELAG: 0-1604; 2603-2604;
HVER RETTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%

* ATVINNUPATTAKA 1983 *

sudurnes

KARLAR
4369

KONUR
3015




SVEITARFELAG: 2200-2506;
HVER RETTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%

* ATVINNUPATTTAKA 1983 *

landsbyssdin

KARLAR
30864

KONUR
22489



SVEITARFELAG: 3000-8718;
HVER RETTHYRNINGUR JAFNGILDIR 0.5%

Fylgiskjal III.

Skipting samþykktara lána og styrkja byggðasjóðs árið 1984 eftir stvirmagninum, lændahlutum o. fl.

	Vesturland		Vestfirðir		Norðurl. vestra		Norðurl. eystra		Austurland		Suðurland		Reykjanes		Reykjavík		Alls	
	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.	fjöldi	þús.kr.
1. Nýsmíði fiskiskipa	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-
2. Endurbætur fiskiskipa	1	500	-	-	1	200	2	280	2	300	2	334	2	325	-	-	40	1939
3. Kaup notara fiskiskipa	1	50	2	1420	2	90	6	2665	5	865	1	450	2	275	-	-	19	5815
4. Fiskiskip, aðrísk fyrirtælisla ...	-	-	-	-	4	3005	1	120	-	-	-	-	-	1	1800	-	6	4925
5. Fiskiskip alls (1-4)	2	550	2	1420	7	3295	9	3065	7	1165	3	784	5	2400	-	-	35	12679
6. Frystihús	3	5200	2	3500	1	3000	2	1960	1	200	1	675	-	-	-	-	10	13935
7. Fiskimjölverksmiðjur	-	-	1	600	-	-	-	-	-	-	-	-	-	2	2000	-	3	2600
8. Örnur fiskvinnsla	2	530	1	600	3	2690	2	2100	5	1450	1	240	3	2800	-	-	17	10410
9. Fjárhagsleg endurskiplagan fiskvinnsla	-	-	1	10000	1	4100	3	2455	2	18000	-	-	-	-	1	4315	8	36870
10. Framleiðsluöndur	4	1525	4	790	3	1500	8	2142	6	1393	14	3530	3	2050	-	-	42	12930
11. Þjónustulöndur	11	4401	5	3170	5	1200	2	1500	6	1300	8	1882	1	1500	-	-	38	14953
12. Vinnustöðvar landbúnaðarins	-	-	2	1130	-	-	3	1990	4	3780	2	1600	-	-	-	-	11	8500
13. Vænnest-landbúnaðarinn	13	1614	11	3069	3	1900	13	4865	9	1455	6	2840	1	1000	2	580	58	17323
14. Sveitarfélög, gættageró	5	13740	2	5550	1	3850	4	4750	7	8950	2	3160	2	4000	-	-	23	44000
15. Sveitarfélög annað	2	495	8	4615	3	2495	7	4725	6	1620	8	3735	2	550	-	-	36	18435
16. Annad	1	150	5	870	2	450	5	3250	2	900	4	915	3	1250	1	200	23	7985
Almenn lán og styrkir alls	43	26205	44	35314	29	24480	58	32202	55	40413	49	19361	22	17550	4	5095	304	202620
16. Hafnaðótasjóður v/Norðurfjarðar ..	-	-	-	8531	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8531
17. Hafnaðótastofnun v/Þraðarfjarðar- bryggju	-	-	-	1500	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	1500
18. Vegageró ríkisins til jöðarbyggða- vega	-	-	400	-	2500	-	2500	-	4000	-	3000	-	-	-	-	-	-	16000
19. Lán til bettra hollustuáttá og aðbúnaðar á vinnustöðum	1555	-	1200	-	5400	-	1320	-	-	-	2250	-	1075	-	-	-	-	14000
20. Lán til aukningar verkefna skipa- smíðastöðva; endurbætur skipa	4570	-	12901	-	22786	-	6762	-	8200	-	8392	-	15500	-	-	-	-	92539
21. Styrkur til framleiðsluáhræðna land- búnaðarinnar vegna útflutningsbóta 1980	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	5000
Sérstök útlán og styrkir (16-21) ..	6125	-	28132	-	30686	-	10962	-	12200	-	13642	-	16575	-	-	-	-	137570
Samtals þús.kr. (1-21) ..	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	-	340190

Fylgiskjal IV.

Kjartan Ólafsson:
Þetta er stjórnarstefnan:

SJÁVARÚTVEGURINN RÆNDUR 6000 MILLJÓNUM Á TVEIMUR ÁRUM

Skuldir útgerðar og fiskvinnslu komnar í 2/3 allra eigna. Allt eigið fé verður horfið eftir 4 ár.
(Vestfirðingur, 4. mars 1985.)

Kjartan Ólafsson skrifar:

Þegar þessi orð eru fest á blað, stendur yfir víðtækt sjómannaferkfall á íslenska fiskveiðiflotanum, og sýnist deilan fara harðnandi.

Kjaraskerðingin, sem sjómenn hafa orðið fyrir á síðustu árum er geigvænleg, og hjá mörgum í sjómannastétt enn meiri en sú nær 30% skerðing lífskjara, sem launafólk í landi hefur almennt mátt þola nú bráðum í tvö ár. Krafa sjómannasamtakanna um 35 000 króna kauptryggingu á mánuði er því bæði eðlileg og tímabær eins og komið er.

En þá komum við líka að annarri hlið, sem einnig skiptir máli. Fyrst sjómenn hafa mátt þola svo hrikalega kjaraskerðingu á síðustu árum, skyldi þá hagar útgerðarinnar standa með blóma, svo auðvelt sé fyrir útgerðarfyrirtækin að skila nokkru til baka af því, sem frá sjómönnum hefur verið tekið?

Flestum mun kunnugt, að þessari spurningu verður því miður að svara neitandi. Ekkert af þessum fjármunum hefur fengið að stöðvast hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi. Öllu þessu gífurlega mikla fjármagni hefur verið beint annað.

Til þess að unnt verði að bæta varanlega kjör sjómanna og fiskverkunarfólks, þá þarf að beita markvissum stjórnvaldsáðgerðum í því skyni að skila sjávarútveginum á ný a. m. k. verulegum hluta af þeim milljörðum króna, sem frá honum hafa verið teknir á síðustu árum og færðir hafa verið til eyðslugreinanna í þjóðfélaginu með áðgerðum stjórnvalda. Fyrir Vestfirðinga alla skiptir útkoman í þeim pólitísku átökum, sem um þetta standa, meira máli en flest annað. Þar er um tilveru byggðarlaganna að tefla. Lítum því hér aðeins nánar á þessi mál.

Tölur Seðlabankans.

Þann 9. desember s. l. birtist í Morgunblaðinu lítil frétt um að skuldir útgerðarinnar og fiskvinnslufyrirtækja á Íslandi væru nú 21,3 milljarðar króna og svaraði þetta til um 64% af öllum eignum þessara fyrirtækja. Fyrir þessari frétt var borin hagfræðideild Seðlabankans. Ég spurði nokkra menn, hvort þeir hefðu tekið eftir þessari frétt. Fæstum hafði orðið hún minnisstæð, — margir eru um annað að hugsa. Mér tókst hins vegar ekki að gleyma þessari litlu frétt í Morgunblaðinu og nokkru síðar lagði ég leið mína í Seðlabankann og bað um þau gögn, sem fréttin byggðist á. Voru mér vinsamlega látin þau í té. Ekki síst lék mér forvitni á að vita, hver hefði orðið breytingin á eiginfjárstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi hérlandis nú á síðustu árum, — það er að segja, hvort eignir umfram skuldir hefðu aukist eða minnkað, og þá hversu mikið.

Nú hef ég undir höndum upplýsingar Seðlabankans um þetta varðandi síðustu fjögur ár. Tel ég bæði rétt og skylt að koma þeim upplýsingum á framfæri. Tekið skal fram, að í sumum þeirra gagna frá Seðlabankanum, sem ég hef fyrir framan mig, eru eignir útgerðarinnar taldar eingöngu bátar og togarar. Í öðrum gögnum Seðlabankans er hins vegar 10% álagi bætt við, vegna „skammtfmaeigna“. Til samræmis mun ég leyfa mér að hafa þetta 10% álag með hér í öllum tilvikum. Þá eru í sumum gögnum Seðlabankans aðeins taldar skuldir útgerðarinnar við banka og opinbera sjóði, — en þegar Seðlabankinn gerir grein fyrir skuldastöðunni í árslok 1983, þá telur hann einnig með skuldir útgerðarinnar við

ólúfélög, tryggingafélög og fleiri slíka aðila, og bætast þá 15% ofan á skuldirnar við banka og lánasjóði. Til samræmis hef ég einnig leyft mér að gera ráð fyrir, að skuldahlutfallið þarna á milli hafi verið svipað þessi fjögur ár, sem hér verður fjallað um, og bæti því jafnan 15% ofan á tölur Seðlabankans um skuldir útgerðarinnar við banka og lánasjóði. Það sem talið er til eigna hjá vinnslunni eru hús og vélar, svo og birgðir og ógreiddur flutningur. Skuldamegin hjá vinnslunni eru aðeins taldar skuldir við banka og opinbera lánasjóði. Þá er þess að geta, að tölur um verðmæti eigna eru hér jafnan í samræmi við upplýsingar Seðlabankans um svokallað þjóðarauðsmat eignanna. Einnig skal vakin athygli á því, að síðustu tölur Seðlabankans eru frá 26. nóvember s. l. Það er skömmu eftir síðustu gengisbreytingu. Lengri formála er ekki þörf og koma þá tölurnar:

I. Útgerðin	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	3817	4881	9187	13830	17424
Skuldir: (í milljónum kr.)	1875	2593	5502	10173	13817
Eigið fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	50.9%	46.9%	40.1%	26.4%	20.7%
II. Fiskvinnslan	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	2783	4052	8493	13494	17530
Skuldir: (í milljónum kr.)	1082	1688	3537	6530	9329
Eigið fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	61.1%	58.3%	58.3%	51.6%	46.8%
III. Sjávarútvegurinn í heild (veiðar og vinnsla)	31.12.1980	31.12.1981	31.12.1982	31.12.1983	26.11.1984
Eignir: (í milljónum kr.)	6600	8933	17680	27324	34954
Skuldir: (í milljónum kr.)	2957	4281	9039	16703	23146
Eigið fé: (mælt sem hlutfall af eignum)	55.2%	52.1%	48.9%	38.9%	33.8%

Allt eigið fé fyrirtækjanna er að hverfa.

Þessar tölur aðir þarfnast ekki mikilla skýringa. Þær tala sjálfar mjög skýru máli og segja flest sem segja þarf um það, hvernig verið er að brjóta niður íslenskan sjávarútveg.

Fyrir fjórum árum námu skuldir útgerðarfyrirtækjanna „aðeins“ rétt um helming af eignum þeirra, — hinn helmingurinn var eigið fé. Fyrir tveimur árum voru skuldir útgerðarinnar komnar upp í 60% af eignunum og eigið fé niður í 40%. Nú eru skuldir útgerðarfyrirtækjanna svo komnar upp í 80% af eignunum, en eigið fé niður í 20%!

Hjá vinnslunni er ástandið lítið eitt skárri, en þó greinilega á sömu braut, eins og tölurnar sýna.

Sé lítið á sjávarútveginn í heild, verður útkoman þessi: Fyrir fjórum árum námu skuldir fyrirtækjanna um 45% af eignum þeirra, en eigið fé var þá um 55%. Fyrir tveimur árum námu skuldir fyrirtækjanna um 51% af eignunum, en eigið fé var þá enn um 49%.

Nú eru skuldirnar orðnar yfir 66% af eignunum og eigið fé komið niður í 33.8%.

Á aðeins tveimur síðustu árum nemur eignaupptakan í íslenskum sjávarútvegi um 5280 milljónum króna, sé mælt á því verðlagi sem taflan sýnir frá nóvember 1984. En miðað við þá hækkun lánskjaravísitölunnar, sem síðan er orðin, þá er núvirði þessa fjár ríflega 6000 milljónir króna!!

Allt þetta fé var hluti af skuldlausri eign íslenskra útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja fyrir aðeins tveimur árum. Nú hefur það allt breyst í skuldir með tilheyrandi vaxtabyrði, þessar 6000 milljónir króna.

Eintóm þrotabú í sjávarútvegi eftir fjögur ár verði stefnan óbreytt.

Verði framhaldið á sama veg og þróunin síðustu tvö ár, þá verður allt eigið fé fyrirtækja í íslenskum sjávarútvegi uppurið eftir liðlega fjögur ár. Það tekur sem sagt eitt kjörtímabil að klára þetta svo að engin króna verði eftir. Fáa skriðan að falla með sama hraða eftir lögmálum „frjálshyggjunnar“, þá verður ekkert eigið fé eftir hjá einkafyrirtækjum í íslenskum sjávarútvegi eftir fjögur ár, ekkert eftir hjá samvinnufyrirtækjum í sjávarútvegi og ekkert eftir hjá þeim fyrirtækjum í sjávarútvegi, sem eru að meira eða minna leyti í eigu bæjar- og sveitarfélaga. — Ekkert eftir nema skuldirnar, innlendar og erlendar, sem sumar hverjar bera einhverja hæstu vexti í heimi. Það verður blómlegt í Súðavík og á Bíldudal, þegar svo verður komið, og gaman fyrir þá Steingrím Hermannsson og Matthías Bjarnason að heilsa upp á háttvirta kjósendur!

Með þeim rekstrargrundvallarskilyrðum, sem stjórnvöld hafa búið sjávarútveginum upp á síðkastið, þá hefur verið tryggð stórkostleg tilfærsla fjármuna frá þessum undirstöðu- atvinnuvegi okkar Íslendinga og til þeirra margvíslegu gróðabraskara í eyðslugeira þjóðfélagsins, sem núverandi ríkisstjórn hleður undir í samræmi við pólitíska ofsatru á frelsi fjármagnsins, þá ofsatru, sem svífur yfir vötnunum hjá Verslunarráðinu og fámennum valdakjarna Sjálfstæðisflokksins. Framsókn er svo leidd með eins og lamb til slátrunar.

Sú eignaupptaka, sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir síðustu árin, er meiri en dæmi finnst í Íslandssögðu síðari alda. Engin þörf er að lengja hér mál með því að ræða afleiðingar þessarar stefnu fyrir afkomuhorfur og lífsskilyrði þess fólks sem á landsbyggðinni býr. Þær þekkir hvert barn á Vestfjörðum, þótt ýmsir virðist hins vegar þurfa að ná nokkuð háum aldri hér kringum Arnarhólinn til þess að skilja svo einfalda hluti.

Þjóðartekjur nálægt hámarki.

Þegar þessi mál eru skoðuð, ber öllum að hafa vel í huga, að ekkert af þeim mörgu milljörðum króna, sem á skömmum tíma hafa verið gerðir upptækir hjá fyrirtækjum í sjávarútvegi, hafa runnið til sjómanna eða fiskverkunarfólks. Þvert á móti hefur kaupmáttur almennra launa verið skertur um nær 30% frá 1982 samkvæmt opinberum upplýsingum (sjá t. d. rit Seðlabankans, Hagtölur mánaðarins, febrúar 1985, bls. 31), og auðvitað hafa lífsskjör verulegs hluta sjómannastéttarinnar versnað enn meir, þar sem þorskaflir hefur dregist saman.

Ætlar svo einhver að halda því fram, að kjaraskerðingin sé orðin slík, vegna minnkandi þjóðartekna?

Reynið það ekki, því fyrir liggur að á árunum 1984—1985 eru þjóðartekjur á mann taldar verða aðeins 5 til 6% lægri en þær voru 1982 samkvæmt opinberu mati Þjóðhagsstofnunar. Slíkt réttlætir ekki 30% kjaraskerðingu.

Framleiðsla sjávarafurða ósjaldan meiri en nú.

Eða ætlar máske einhver að halda því fram, að skuldir sjávarútvegsins á Íslandi hafi hækkað á aðeins tveimur árum frá því að vera helmingur samanlagðra eigna útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækja upp í það að vera tveir þriðju þessara eigna, aðeins vegna þess að aflaverðmæti hefur minnkað?

Reynið það ekki heldur, því sú er ekki skýringin á þeirri eignatilfærslu upp á 6 milljarða króna, sem hér hefur verið vakin athygli á. Opinberar upplýsingar Þjóðhagsstofnunar votta, að framleiðsla sjávarafurða hefur aðeins tvisvar sinnum orðið meiri á Íslandi en hún varð á árinu 1984, og var það á árunum 1980—1981. Í slíkum samanburði milli ára, þá er að sjálfsögðu ekki verið að bera saman heildartonnafjölda landaðs afla, **heldur verðmæti**. Þjóðhagsstofnun telur nú, að framleiðsla sjávarafurða á síðasta ári hafi orðið nánast hin sama og hún var á árinu 1979, sem var metár fram að þeim tíma, — og það er mat sömu stofnunar, að reikna megi með meiri framleiðslu sjávarafurða á því ári sem nú er hafið.

Og takið eftir: **Samkvæmt opinberu mati Þjóðhagsstofnunar, þá verður sjávarafurða-framleiðslan aðeins 4—5% minni að jafnaði hérlandis á árunum 1983—1985, að báðum meðtöldum, heldur en hún var að jafnaði á árunum 1978—1982. Þarna munar reyndar langmest um hið slæma aflaár, 1983, — en á árinu 1984 er sjávarafurðaframleiðslan talin hafa verið um 3% minni en hún var að jafnaði 1978 til 1982, og í ár er hún talin verða aðeins 1% minni heldur en hún var á þessum sömu viðmiðunarárum, og það þrátt fyrir kvótann.**

Mest er það því af mannavöldum.

Skýringin á 6000 milljón króna tapi liggur ekki þarna og ekki er það heldur verðfall á erlendum mörkuðum, sem hér er um að kenna. Mest er þetta því af mannavöldum, og að baki hinnar stórkostlegu eignatilfærslu standa þau pólitísku öfl, sem vilja gjörbylta íslensku þjóðfélagi eftir lögmálum fjölþjóðlegrar „frjálshyggju“. Þessi pólitísku öfl standa nú fyrir flutningi á fjármagni, sem nemur milljörðum á milljarða ofan frá sjávarútveginum til yfirbyggingarinnar á suðvesturhorni landsins, þar sem hvers kyns verslun og viðskipti ásamt svokallaðri þjónustu fleyta rjómann af stríti þeirra er að framleiðslustörfunum vinna. Þeir sem fyrir þessu standa vilja ekki, að sjávarútvegurinn standi á eigin fótum, heldur að þar séu bónbjargamenn reyrdir á skuldaklafa. Þeir sem gert hafa hina fjölþjóðlegu frjálshyggju að sínum pólitísku trúarbrögðum, telja, að allt okkar basl við sjávarútveg og landbúnað séu aðeins leifar frá liðinni tíð. Þess vegna má eignamyndun bara verða í kringum verslunina, „þjónustuna“ og allt viðskiptalífíð, — en sjávarútvegurinn á hins vegar að sitja uppi með skuldirnar og menn fá að róa svona fyrir náð. Þannig hyggjast postularnir færa sönnur á, að trú þeirra á gullkálfr fjölþjóðlegrar „frjálshyggju“ sé líka sú eina rétta! Ekkert nema tap á tap ofan í sjávarútveginum svo ekki sé nú talað um landbúnað, meðan viðskiptalífíð blómstrar!

Nú þarf nýja samstöðu og nýja ríkisstjórn — og máske nýtt flokkakerfi.

En þarf þetta að vera svona? — Nei ekki aldeilis. Hérna er spurningin aðeins um pólitíska stefnu, um pólitískan skilning og pólitískan vilja.

Það er sjálfsagt, að sjómenn krefjist 35 000 króna kauptryggingar á mánuði, og vonandi hafa þeir sigur í þeirri baráttu. Hitt er þó enn mikilvægara, að sjómenn og útgerðarmenn, fiskverkunarfolk og stjórnendur fyrirtækja í sjávarútvegi snúi bökum saman og hefji markvissa sókn í því skyni að sækja aftur, þó ekki væri nema hluta af þeim gríðarlegu fjármunum, sem frá þessum aðilum öllum hefur verið rænt. Til þess þarf víska samstöðu um nothæfar pólitískar aðgerðir hvað varðar stýringu á streymi fjármagnsins um æðar og vefi þjóðfélagsins. Það er í þessum efnum, sem þarf að breyta um stefnu. Til þess þarf nýja ríkisstjórn og máske nýtt flokkakerfi. Til þess þarf lágmarkssamstöðu þeirra, sem harðast hafa orðið úti vegna núverandi stjórnarstefnu, — en það eru almennt launafolk á sjó og

landi, í þéttbýli og strjálbýli, framleiðsluatvinnuvegirnir og þar með byggðarlögin úti um landið og fólkið allt, sem þar ber framleiðsluna uppi. Slík samstaða er þó einskis virði, nema menn viti hvað þeir vilja og á hverju samstaðan verður að byggjast. Milljarðar króna hafa verið fluttir frá framleiðsluatvinnuvegunum og frá almennu launafólki og til gróðafyrirtækjanna í eyðslugeiranum. Þetta hefur verið gert með harðvítugum pólitískum aðgerðum. Ef snúa á þessu fjárstreymi við, þarf aðrar pólitískar aðgerðir, og þær þurfa einnig að vera bæði einbeittar og markvissar, því engu verður skilað til baka af fúsum og frjálsum vilja, né heldur fyrir bænastað góðviljaðra manna.

Því miður eru hagsmunaandstæðurnar orðnar skarpari í okkar þjóðfélagi en verið hefur um langt skeið, en sú skipting, sem okkar pólitíska flokkakerfi býður upp á, endurspeglar ekki, nema að mjög takmörkuðu leyti, þessar miklu hagsmunalegu og hugmyndalegu andstæður. Þess vegna er ekki nóg að horfa á flokkana, þegar spurt er, hvaða ríkisstjórn sé hugsanleg til að snúa við hinni uggvænlegu þróun, sem við blasir, snúa veikri vörn í sterka sókn. Þar þarf að horfa á málefni fyrst og fremst, en reyndar líka menn. Standi flokkakerfið í vegi fyrir því að þeir, sem saman þurfa að ná, nái saman, áður en það er um seinan, þá þarf að ryðja flokkakerfinu úr vegi.

Margir góðir talsmenn framleiðsluatvinnuveganna og landsbyggðarinnar hafa verið og eru tengdir núverandi stjórnarflokkum, en þeir hafa ekki náð vopnum sínum um skeið og virðast engu ráða. Átakanlegt er að sjá suma hverja eins og gjörsigraða pólitíska fanga í hershöndum innan víggirðinga þar sem markaðspostularnir ráða lögum og lofum, þar sem æðsta frelsið er talið vera frelsi fjármagnsins og handhafa þess til að leggja áður blómlegar byggðir í rúst. Hér þarf að verða breyting á og hún af stærra tagi. Framleiðsluatvinnuvegirnir þurfa á nýjan leik að eignast öflugan pólitíska talsmenn. Talsmenn, sem skilja hvað í húfi er fyrir byggðarlögin, og láta ekki knésetja sig við fyrsta tilhlaup vígreifra gulldrengja, sem máské hafa ruglast í ríminu við pólitíska niðurdýfingarskírni á einhverju fjölþjóðlegu markaðstorgi.

Milli slíkra fulltrúa framleiðsluatvinnuveganna og verkalýðshreyfingarinnar þarf síðan að skapa gagnkvæman skilning og tryggja samstöðu um markvissa sókn fyrir sameiginlegum lífshagsmunum gegn innlendu og erlendu verslunarauðvaldi. Slík samstaða og sóknarvilji er forsenda þess, að hér geti komist á ný ríkisstjórn, sem dygði til að snúa blaðinu við, — burtséð frá núverandi flokkakerfi, ef nauðsyn krefur. Takist þetta hins vegar ekki, þá er vá fyrir dyrum bæði í brád og lengd, því ríkjandi stjórnarstefna býður framleiðsluatvinnuvegunum og fólkinu, sem við þá starfar, ekki upp á frelsi, heldur skuldaþrældóm á klafa fjarlægis peningavalds.

Skrifað á þorrapræl 1985.
Kjartan Ólafsson.

Fylgiskjal V.



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

NR. 84-6

ÞRÓUNARVERKEFNI

— LEIÐ TIL AÐ EFLA ATVINNU- OG BYGGÐAÞRÓUN —

SEPTEMBER 1984

Fylgirit með skýrslu SIL:
lónráðgjöf í landshlutunum

Haldór Árnason,
starfsmaður SIL og
Sigurður Guðmundsson
Framkvæmdastofnun
ríkisins tóku saman

0 FORMÁLI

Greinargerð þessi er að mestu leyti samin í nóvember 1983, en hefur verið endurskoðuð lítillega. Mjög áhugaverð þróun hefur átt sér stað á þessu sviði frá því hún var samin. Ekki þótti þó ástæða til að breyta greinargerðinni með tilliti til þessa, þar sem þessi þróun styður þær hugmyndir sem hér eru settar fram.

Aðferðum af því tagi sem hér er greint frá vex nú fylgi víða og því er hægt að byggja á sívaxandi þekkingu við skipulagningu slíkra verkefna hér á landi.

1. INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur orðið til þekking og reynsla sem skapar möguleika á að nálgast vandamál byggðapróunar með nokkuð öðrum hætti en gert hefur verið til þessa. Þungamiðja þessarar nýju reynslu varðar þátt manneskjunnar/athafnamannsins í því flókna viðfangsefni sem það er að stofna og reka arðbært fyrirtæki. Við mótun mótun þeirra hugmynda sem hér eru settar fram um þróunarverkefni(*) er þessi reynsla sett í öndvegi.

Hingað til hafa tvenns konar aðferðir verið taldar líklegar til árangurs í byggðamálum: Annars vegar er um að ræða fjárfestingu í ýmiskonar grunngerð, svo sem samgöngumannvirkjum, og hins vegar fjármagnsfyrirgreiðslu úr Byggðasjóði. Fyrirgreiðsla úr Byggðasjóði hefur komið til viðbótar þeim lánum sem fjárfestingarlánasjóðir hafa getað veitt fyrirtækjum.

Þessar aðgerðir einar sér telja höfundar þessarar greinargerðar ófullnægjandi til lausnar á þeim vandamálum sem framundan eru í atvinnuþróun á Íslandi. Til að byggja upp öflugt og fjölbætt atvinnulíf þarf margs konar ný atvinnustarfsemi að koma til. Nýjar framleiðsluhugmyndir hafa verið of fáar og ekki nægilega vel mótaðar til að skynsamlegt hafi verið að hrinda þeim í framkvæmd.

Opinberar aðgerðir þurfa í meira mæli en verið hefur að örva nýja atvinnustarfsemi. Þróunarverkefni er leið til þess. Hér er um að ræða nýstárlega aðferð til að laða fram og hlúa að því frumkvæði sem býr í lífvænlegum byggðarlögum. Leitað er eftir fólki með frumkvæði og getu til að byggja upp fyrirtæki

(*) Höfundar þessarar greinargerðar kalla það áttak í atvinnu- og byggðapróun sem hér er lýst "þróunarverkefni," vegna skorts á öðru betra nafni.

eða þróa nýjungar innan starfandi fyrirtækja. Skapa þarf þessu fólki skilyrði til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd.

Þróunarverkefnið skiptist í tvo meginhluta:

* Undirbúningsverkefni sem felst í gerð verkáætlunar fyrir aðalverkefnið. Áætlunin þarf að miðast við þær forsendur sem fyrir hendi eru í byggðarlaginu.

* Aðalverkefni þar sem hrundið er í framkvæmd aðgerðum sem taldar eru raunhæfar og áhrifaríkastar til að stuðla að öflugri atvinnuþróun í byggðarlaginu.

Með þróunarverkefninu sem heild er reynt að koma af stað atvinnuþróun sem miðist við aðstæður á hverjum stað. Breytingar á þessum aðstæðum, t.d. hvað varðar fjárfestingu í samgöngumannvirkjum, heyra til almennra byggðaþróunaraðgerða og tilheyra ekki þróunarverkefninu.

Þær hugmyndir sem hér eru kynntar byggja að verulegu leyti á reynslu Samstarfsnefndar um iðnþróun í landshlutunum (SIL) af verkefni um stofnun og þróun smáfyrirtækja (***) og þátttöku Íslands í norrænu samstarfi um byggðaþróun. Einnig er byggt á reynslu sem fengist hefur af þessari aðferð í Noregi og Svíþjóð.

Samstarf við norska ráðgjafafyrirtækið INDEVO hefur átt drjúgan þátt í að færa þessa reynslu inn í landið. - Á ráðstefnu sem SIL gekkst fyrir á Þingvöllum 2. september 1983 kynntu fulltrúar frá norska byggðasjóðnum, Gautaborgarháskóla og INDEVO íslenskum embættis- og stjórnáráðgjafamönnum hvernig standa má að atvinnu- og byggðaþróun. Í greinargerðinni hér á eftir er einnig tekið mið af undirtektum og ábendingum þátttakenda.

(***) Um reynslu af þessu verkefni vísast til skýrslunnar:

"Smáfyrirtækjaverkefnið - Taktu þér tak."

2. LÝSING Á VERKEFNINU

Með þróunarverkefninu er ætlunin að laða fram og hlúa að frumkvæði hjá íbúum í viðkomandi byggðarlagi. Til þess að svo megi verða þarf að vera fyrir hendi þekking og skilningur á raunverulegum aðstæðum byggðarlagsins, væntingum, möguleikum og takmörkunum. Staðarkosti þarf að meta og afla upplýsinga hjá hagsmunahópum og einstaklingum sem líklegir eru til að hafa áhrif á gang mála.

- * Vettvangur verkefnisins er atvinnulíf og umhverfi þess í ákveðnu byggðarlagi.
- * Þátttakendur yrðu þeir sem hyggja á stofnun eða þróun fyrirtækja og aðilar sem hafa mótandi áhrif á atvinnurekstur.

2.1 Markmið

Fjölpætt og þróttmikið atvinnulíf er undirstaða búsetu og góðra lífsskilyrða og því keppikefli hvers byggðarlags. Markmið þróunarverkefnisins er því:

- * að skapa hagstætt umhverfi fyrir fjölbreytt atvinnulíf
- * að virkja frumkvæði íbúanna til að byggja upp og efla arðbær og lífvænleg fyrirtæki.

2.2 Forsendur

Verkefnið miðar að því að leysa úr læðingi þá auðlind sem býr í mannum sjálfum og fá þannig heimamenn til þátttöku í samstilltu átaki við þróun atvinnulífsins. Frumforsenda verkefnisins er að íbúarnir sjálfir móti það og séu virkir þátttakendur í framkvæmdinni.

Íbúa hvers byggðarlags má flokka í hópa sem hafa mismunandi hlutverki að gegna og afstöðu til þróunar atvinnulífsins. Hlutverki eða stuðningi þessara hópa má skipta í eftirfarandi svið:

- * Framkvæmd - Þeir sem líklegir eru til að hafa frumkvæði að þróun nýrra og starfandi fyrirtækja.
- * Aðstoð - Þeir sem hafa bein eða óbein áhrif á þróunina með ýmis konar aðstoð, fjármögnun eða breytingum á starfsskilyrðum.
- * Mótun umhverfis - Þeir sem eru hvetjandi, miðla hugmyndum og þekkingu sem styrkt getur atvinnulífið.

Í yfirlitinu hér á eftir eru taldir upp nokkrir aðilar sem haft geta áhrif á þróun atvinnulífs í tilteknu byggðarlagi. Hlutverk hópanna er mismunandi eftir aðstæðum, en gæti verið eins og hér greinir.

HÓPUR \ HLOTVERK		Frakkvæma	Aðstoða	Móta umhverfi
ÍBÚAR BYGGÐARLAGSINS	Fólk með athafnapörf	*		
	Stjórnendur fyrirtækja	*		
	Starfsmenn fyrirtækja	*		
	Stjórnendur banka		*	*
	Sveitarstjórnir		*	*
	Starfsmenn sveitarfél.		*	
	Starfsmenn ríkis		*	
	Nemendur og kennarar		*	*
AÐRIR	Alþingismenn			*
	Starfsmenn í þjónustust.		*	
	Starfsmenn í stjórnsýslu		*	
	Einstaklingar	*	*	

Þeir sem búa yfir hugmyndum og eiga frumkvæði að því að koma nýrri starfsemi af stað mæta oft erfiðleikum og standa gjarnan uppi einir með vandamál sín. Skortur á reynslu og upplýsingum háir líka mörgum og verður stundum að falli.

Ef fyrrnefndir hópar eru meðvitaðir um hlutverk sitt, möguleika, takmarkanir og áhrifamátt getur samvinna þeirra örvað nýsköpun og valdið straumhvörfum í þróun atvinnulífsins. Þessu er því miður sjaldnast til að dreifa.

2.3 Framkvæmd

Eins og áður segir skiptist þróunarverkefnið í tvo hluta sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir.

Undirbúningsverkefni

Með þróunarverkefninu er ætlunin að laða fram og hlúa að því frumkvæði sem býr í viðkomandi byggðarlagi. Til að svo megi verða þarf, eins og áður er nefnt, að vera fyrir hendi skilningur á raunverulegum aðstæðum byggðarlagsins, væntingum, möguleikum og takmörkunum. Staðarkosti svæðisins þarf að meta, en íbúarnir sjálfir eiga að vera ákvarðandi um verkefnið.

Undirbúningsverkefni er því nauðsynlegt til að aðalverkefnið geti tekið sem best mið af framansögðu, en lokaáfangi undirbúningsins er gerð vinnuáætlunar fyrir aðalverkefnið.

Undirbúningsstafið getur ekki, frekar en þróunarverkefnið í heild sinni, fylgt fyrirfram gefinni forskrift. Kynningarstarfið, öflun upplýsinga og þekkingarleit mun þó veita þungt í þessu sambandi. Hér eru nefnd dæmi um hugsanleg viðfangsefni á þessu sviði:

Kynningarstarf og almannatengsl yrðu stór þáttur í undirbúningnum, þ.á m. viðtöl/fundir/ráðstefnur, eftir því sem við á:

- (1) fyrir alla íbúa í byggðarlaginu til að skýra mikilvægi frumkvæðis þeirra við að byggja upp öflugt atvinnulíf og til að fá fram hugmyndir þeirra um hvernig aðgerða sé þörf;
- (2) með fulltrúum einstakra hagsmunahópa þar ræddir væru möguleikar á þróun atvinnulífsins í byggðarlaginu og hugsanlegt framlag hvers hóps til hennar.
- (3) með fulltrúum frá fyrirtækjum til að fá yfirlit um möguleika á þróun innan fyrirtækja og til að kanna hversu mikið þeir noti upplýsingar frá markaðinum til að stýra þróun fyrirtækjanna.
- (4) með fulltrúum frá sveitarstjórnnum, fyrirtækjum og starfsgreinafélögum til að ræða markmið og leiðir og taka ákvarðanir um einstakar aðgerðir og hvernig að þeim skuli staðið;
- (5) til að kanna hvern þátt stærstu fyrirtæki byggðarlagsins gætu átt í vexti atvinnulífsins.
- (6) til að fá yfirlit yfir þekkingu á sviði atvinnulífs sem er til staðar í byggðarlaginu og sem nýta má til frekari vaxtar þess.

Við gerð áætlunar um framhaldið þarf að byggja á afrakstri þess starfs sem fram hefur farið í undirbúningsverkefninu. Fá þarf alla hópa og einstaklinga sem tekið hafa þátt í undirbúningnum til að móta áætlun fyrir aðalverkefnið.

Það getur verið alveg rökrétt niðurstaða af undirbúnings-
verkefninu að ekki skuli ráðist í aðalverkefnið. Ástæðan gæti
verið sú að íbúarnir hafi ekki tiltrú á aðferðinni eða að ekki
sé fyrir hendi almennur áhugi fyrir virkri þátttöku í eflingu
atvinnulífsins.

Aðalverkefni

Þróunarverkefnið byggir á náinni samvinnu milli þeirra
hópa sem áður eru nefndir. Þátttakendur frá þessum hópum vinna
hver á sinn hátt að þeim starfspáttum eða aðgerðum sem
vinnuáætlunin og verkefnalýsing gerir ráð fyrir. Miklu varðar
að unnið sé samfellt þann tíma sem þróunarverkefnið varir.

Aðgerðir þær sem verkefnið beinist að geta ekki fylgt
fyrirfram gefinni forskrift, eins og áður er getið. Á
grundvelli fyrirliggjandi reynslu af hliðstæðum verkefnum í
Noregi og Svíþjóð skulu þó nefnd hér nokkur dæmi um aðgerðir
sem koma til greina:

- * Örva fyrirtæki í byggðarlaginu til að auka samstarf sín
í milli um markaðsmál, vörubrúun, tæknisamstarf,
ráðgjafabjónustu, vörusýningar, bókhald o.fl.
- * Verkefni um stofnun og þróun smáfyrirtækja (sbr.
verkefnið "Taktu þér tak."
- * Athuganir á því hvort stærri fyrirtæki á svæðinu geti
orðið uppspretta atvinnubrúunar og tekið þátt í að
efla hana.
- * Úttekt á því hvar þekkingu og þjálfun er ábótavant
og e.t.v. skipulagning námskeiða fyrir starfsfólk
fyrirtækja (forstöðumenn, verkstjórar, almennt
starfsfólk).

- * Gerð upplýsingabæklinga um framleiðslu fyrirtækja í byggðarlaginu.
- * Könnun á samstarfsmöguleikum fyrirtækja á svæðinu við fyrirtæki utan þess (innlend, erlend).
- * Fundir með stjórnáráðgjafum, embættismönnum, starfsgreinafélögum og stjórnendum fyrirtækja um einstakar aðgerðir.
- * Miðlun upplýsinga til íbúa á svæðinu um verkefnið (fundir/ útgáfa bæklinga/fjölmiðlar).
- * Aðgerðir í samvinnu við iðn- eða atvinnuþróunarfélög (e.t.v. frumkvæði að stofnun slíkra félaga).

Verklýsingu þarf að gera fyrir hverja einstaka aðgerð og ákveða með tilliti til vinnuáætlunarinnar í heild:

- tímasetningu og skipulag
- innihald og umfang í samræmi við þörf í hverju tilviki.

Þessa þætti þarf stöðugt að endurskoða í samvinnu við þá aðila sem að verkefninu standa.

Í ljós mun koma að þörf sé á öðrum aðgerðum en hér eru nefndar. Það er enda ein af meginforsendum þeirra vinnuáæfinga sem hér er byggt á að þær aðgerðir sem raunhæfastar og áhrifaríkastar yrðu taldar verði eingöngu mótaðar í samvinnu við heimamenn.

3. FRAMKVÆMDAÐILAR - STJÓRNUN

Þeir aðilar sem af hálfu ríkisins bera ábyrgð á byggðapróun hérlendis eru Framkvæmdastofnun ríkisins og ráðuneytin, hvert á sínu sviði. Þessir aðilar eru þeir einu sem hafa bolmagn til að standa fyrir þróunarverkefni eins og hér er lýst.

Gert er ráð fyrir að verkefninu verði stjórnað af verkefnisstjórn sem beri ábyrgð á því gagnvart framkvæmdaðilanum. Nauðsynlegt er að verkefnisstjórnin sé skipuð mönnum sem styrkja verkefnið hvað varðar tengsl og ákvarðanir. Verkefnisstjórnin tekur ákvarðanir um hugsanlegar breytingar á vinnuáætluninni í ljósi þeirrar reynslu sem fæst þegar út í framkvæmdina er komið. Verkefnisstjórnin ræður sér framkvæmdastjóra. Einnig þarf að fá til starfa við verkefnið sem flesta þeirra ráðgjafa sem hlutu þjálfun í smáíðnaðarverkefninu "Taktu þér tak."

Hagkvæmt kanna að vera að leita aðstoðar INDEVO við framkvæmd þróunarverkefnisins. Í Noregi og Svíþjóð er nú unnið að svipuðum verkefnum og æskilegt er að koma á samstarfi við þá aðila sem fyrir þeim standa. Þannig mætti hugsa sér að til yrði samnorrænt byggðapróunarverkefni sem nyti stuðnings úr norrænum sjóðum. Með slíkri tilhögun ynnist margt, t.d.:

- * Gagnkvæm miðlun á þekkingu og reynslu.
- * Tengsl skapast milli fyrirtækja og einstaklinga á viðkomandi svæðum.

Nauðsynlegt er að nota verkefnið til að byggja markvisst upp þekkingu og reynslu á þeim starfsaðferðum sem hér hefur verið lýst. Þetta er ekki síst mikilvægt ef haldið yrði áfram á sömu braut og þróunarverkefnum komið af stað í fleiri en einu byggðarlagi.


Hr. forsætisráðherra
Geir Hallgrímsson
Forsætisráðuneytinu

Með bréfi forsætisráðuneytisins, dags. 25. apríl 1972, voru undirritaðir skipaðir í nefnd "til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar komi helst til greina í því efni." Nefndin hefur kynnt sér alle 243 stofnanir og stofnanategundir og athugað 157 þeirra sérstaklega: aflað gagna um skipulag þeirra, starfsfólk, starfshætti og aðbúnað; nefndin átti einnig fundi með talsmönnum 98 þessara stofnana til að afla viðbótarupplýsinga og kynnst viðhorfum þeirra. Auk þess ræddu nefndarmenn við fulltrúa allra landshlutasamtaka.

Nefndin leggur hér fram álit sitt og skiptist það í þrjá meginhluta auk fylgiskjala. Í fyrsta hluta er fjallað um þróun íslenska stjórnkerfisins. Í öðrum hluta er rætt um stofnanaflutning á almennan hátt. Í þriðja hluta eru tillögur nefndarinnar. Þær fela í sér heildarflutning 25 stofnana, deildaflutning sem snertir 12 stofnanir, stofnun útibúa 36 stofnana og eflingu útibúa 11 stofnana. Auk þessara aðaltillagna setur nefndin fram nokkrar aðrar tillögur.

Um leið og nefndin afhendir álit sitt leggur hún áherslu á að viðtækar opinberar umræður um tillögugerðina eru forsendur fyrir árangursríkum aðgerðum á þessu sviði.


Virðingarfyllst,


Ólafur Ragnar Grímsson


formaður


Bjarni Einarsson


Jón Baldvin Hannibalsson


Magnús E. Guðjónsson


Helgi Seljan


Magnús Gíslason


Sifinnur Sigurðsson

Ú T D R Á T T U R

Fyrsti hluti nefndarálitsins er sögulegt yfirlit yfir þróun íslenska stjórnkerfisins : hvernig og á hve margslunginn hátt Reykjavík varð miðstöð þess. Auk Alþingis, embættiskerfis, dómstóla og íáeinna menntastofnana sem komu til sögunnar á síðustu öld, býr nú í borginni fjölbætt samansafn stjórnstofnana, banka og annarra fjármálastofnana, höfuðstöðva hagsmunasamtaka og stjórnmalaflokka, fjölmiðla, mennta- og menningarstofnana; auk þess hefur þjóðhöfðingi þar skrifstofu. Allir höfuðþættir nútíma stjórnkerfis eru fyrst og fremst tengdir Reykjavík. Lokaskeið sjálfstæðisstjórnmalanna og þjóðfélagsþróunin, sem í senn hefur verið orsök og afleiðing stéttastjórnmalanna, fela í sér meginörlagavalda þessarar skipunar. Almenn lýsing á sögulegri þróun og núverandi gerð stjórnkerfisins leiðir í ljós að nokkrir mikilvægir miðstöðvarþættir eru utan hins formlega ríkiskerfis. Miðstöðvarsess Reykjavíkur er grundvallaður á fleiru en aðsetri opinberra stofnana. Hagsmunasamtökin, stjórnmalaflokkarnir, nokkur hluti fjölmiðla og fjármálastofnana eru utan hins formlega ríkiskerfis. Þótt hér sé um að ræða mikilvæga þætti í stjórnkerfi landsins hefur ríkisvaldið ekki rétt til að ákveða aðsetur þeirra. Aðeins sá hluti stjórnkerfisins sem er innan hins eiginlega valdsviðs ríkisins - Alþingi, stjórnarráð og stjórnstofnanir, þjóðhöfðingi, dómstólar, menntastofnanir, menningarstofnanir, opinberir fjölmiðlar og fjármálastofnanir - telst til viðfangsefnis nefndarinnar. Það er hins vegar nauðsynlegt að leggja áherslu á að flutningur ríkisstofnana getur aðeins haft takmörkuð áhrif á miðstýringu stjórnkerfisins, ef þeir þættir þess sem eru utan valdsviðs ríkisins eru áfram jafnbundnir Reykjavík. Um leið og nefndin birtir tillögur um staðarval opinberra stofnana er vakin sérstök athygli á þætti stjórnmalaflokka, hagsmunasamtaka, fjölmiðla og fjármálastofnana í miðstöðvaruppbyggingu Reykjavíkur. Eigi að draga verulega úr miðstýringu íslenska stjórnkerfisins verða þessir aðila einnig að koma til sögunnar með breyttum starfsháttum og nýju skipulagi.

Í öðrum hluta nefndarálitsins er fjallað um stofnanaflutning á almennan hátt og þannig lagður grundvöllur að hinni eiginlegu tillögugerð. Með tilliti til viðfangsefnisins hefur nefndin skýrgreint þær ríkisstofnanir sem hún tekur til meðferðar þannig að ríkisstofnun sé skipulagsleg heild með eigin starfslíði og (a) tilheyri formlega valdsviði Alþingis, ríkisstjórnar eða ráðuneytis, eða (b) sé fjármögnuð að verulegu leyti af opinberu fé þótt stjórn

hennar sé formlega í höndum annarra eða fleiri aðila. Nefndin hefur kynnt sér 243 stofnanir og stofnanategundir og teljast 157 þeirra fullnægja skýrgreiningu nefndarinnar og forsendum varðandi núverandi staðsetningu, þ. e. eru ekki utan Reykjavíkur, erlendis eða tilheyra eðlilegri umdæmaskipun landsins. Nefndin fylgir þeirri forsendu að stofnanir sem nú eru utan Reykjavíkur skuli vera áfram á sama stað. Nefndin tók því einungis til meðferðar flutning ríkisstofnana frá Reykjavík. Nefndin lagði ennfremur núverandi ríkiskerfi til grundvallar og tók því ekki afstöðu til þess hvort leggja bæri stofnanir niður eða sameina þær. Hún fjallaði ekki heldur um væntanlegar eða líklegar nýjar stofnanir. Nefndin skipaði þeim stofnunum sem hún athugaði í átta flokka: A) Aðalstjórnstofnanir, B) Stjórnstofnanir, C) Fjármálastofnanir, D) Þjónustustofnanir, E) Menntastofnanir, F) Menningarstofnanir, G) Rannsóknastofnanir, H) Fyrirtæki.

Nefndin hefur athugað þrenns konar möguleika á flutningi ríkisstofnana: 1) Heildarflutning: stofnunin er öll flutt á einn stað. 2) Deildaflutning: einstakir hlutar eða deildir stofnunar sem hafa vel afmarkað verk svið eru fluttir til annarra staða. 3) Útibúastofnun: stofnuninni er ætlað að veita landsmönnum staðbundna þjónustu og verður því að starfrækja sams konar útibú í öllum landshlutum. Í sumum tilfellum er ljóst að aðeins ein tegund flutnings kemur til greina en í öðrum getur verið um tvær eða jafnvel allar þrjár að ræða.

Nefndin gerir grein fyrir þeim ástæðum sem liggja að baki almennri tillögugerð um stofnanaflutning og hvaða markmiðum slíkar aðgerðir eiga einkum að þjóna. Í samræmi við þessi atriði og önnur sem nefndin hefur lagt til grundvallar hefur hún metið flutningshæfni þeirra 157 stofnana sem hún tók sérstaklega til athugunar. Við matið hefur nefndin einkum tekið tillit til starfsemi og skipulags stofnunar, samsetningar starfsliðs, húsnæðis stofnunar, kostnaðar við flutning, áhrifa á íbúafjölgun, atvinnulíf og menningarstarfsemi á væntanlegum aðsetursstað, bættrar þjónustu við almenning, valddreifingar og heildarvirkni ríkiskerfisins.

Við tillögur um staðarval hafði nefndin einkum í huga að stærð aðseturs-
svæðis væri í samræmi við þarfir og eðli stofnunarinnar, aðseturssvæðið
gæti veitt þá þjónustu og fyrirgreiðslu sem stofnunin þyrfti, að framtíðar-
vaxtarækilyrði og skipulagsaðstaða væru fyrir hendi, samgöngur væru greiðar
og tíðar, samræmi ríkti í staðarvali skyldra stofnana, efnahagsáhrif stofnana á ólíkum stöðum væru metin og könnuð ýmis önnur skilyrði árangursríks
stofnanaflutnings. Nefndin bendir á að vandkvæði við stofnanaflutning verði
mun minni séu skyldar stofnanir fluttar til sama svæðis og þannig stuðlað að

miðstöðvauppbyggingu í stjórnkerfinu. Við staðarval hefur nefndin því í mörgum tilfellum lagt slíka miðstöðvauppbyggingu til grundvallar, t. d. miðstöð landbúnaðarstofnana, miðstöð orkustofnana, miðstöð verk- og tæknimenntunar, miðstöðvar útibúa húsnæðis- og skipulagsstofnana, miðstöðvar útibúa eftirlitsstofnana.

Við staðarval hefur nefndin lagt til grundvallar ákveðna svæðaskiptingu sem er miðuð við hefðbundna umdæmaskiptingu íslenskrar stjórnsýslu, ríkjandi samgönguaðstæður, þéttbýlismyndanir síðustu áratuga og viðhorf heimamanna. Nefndin greinir á milli þriggja megintegunda svæða:

A) höfuðborgarsvæðis, B) nágrennasvæða þess, C) annarra svæða. Nefndin hefur sett fram skrá yfir íbúafjölda hvers svæðis og bent á þá kosti sem fjölmennari svæðin, B-svæðin og um þriðjungur C-svæðanna, hafa fram yfir fámennari svæðin til að taka við meiriháttar ríkisstofnunum. B-svæðin eru: B1 Borgarfjarðarsvæði, B2 Selfossvæði, B3 Suðurnesjasvæði. C-svæðin eru: C1 Snæfellsnessvæði, C2 Patreksfjarðarsvæði, C3 Ísafjarðarsvæði, C4 Húnaflóasvæði, C5 Skagafjarðarsvæði, C6 Eyjafjarðarsvæði, C7 Þingeyjarsvæði, C8 Austfjarðasvæði, C9 Hafnarsvæði, C10 Rangárvallasvæði, C11 Vestmannaeyjar.

Nefndin fjallar um ýmiss vankvæði við flutning ríkisstofnana, aðgerðir gagnvart starfsfólki til að auðvelda því að fylgja stofnun til nýrra heimkynna, kostnað við stofnanaflutning og almenn efnahagsáhrif hans. Nefndin gerir einnig grein fyrir því hvernig breyttir samgönguhættir á landi, á sjó og í lofti hafi þegar og muni enn frekar í næstu framtíð gera flutning stofnana frá höfuðborgarsvæðinu og starfsemi þeirra utan þess mun auðveldari. Í lok annars hluta nefndarálitsins er lýst störfum sams konar nefnda á Norðurlöndum og rakin framkvæmd stofnanaflutnings í Svíþjóð og Noregi.

Í þriðja hluta nefndarálitsins eru tillögur. Þær skiptast í nokkra flokka: tillögur um hvaða stofnanir verði áfram í Reykjavík, tillögur um heildarflutning, deildaflutning, útibúastofnun og útibúaeftingu; einnig eru nokkrar aðrar tillögur. Þessum tillögum verður hér lýst í stórum dráttum. Tölur innan sviga merkja þau aðseturssvæði sem lagt er til að verði heimkynni, sbr. upptalningu að framan á B-svæðum og C-svæðum; á bls. 130-141 í nefndarálitinu er hins vegar að finna skrá yfir hvernig tillögugerðin í heild snertir hvert svæði. Kjarninn í hverjum tillöguflokki er þannig:

1) Nefndin telur eðlilegt og óhjákvæmilegt að margar ríkisstofnanir verði áfram á höfuðborgarsvæðinu og verði því hvorki fluttar í heild, einstakar deildir þeirra fluttar, stofnsett útibú eða núverandi útibú efl.

Þessar stofnanir eru: (a) Aðalstjórnstofnanir og nokkrar aðrar stjórnstofnanir: Forseti Íslands, Alþingi, Stjórnarráð, Hæstiréttur, Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun, Flugmálastjórn, Saksóknaraembættið, Ríkisskattstjóraembættið, Landlæknisembættið; (b) Fámennar stjórnstofnanir sem lítil eða engin áhrif hefðu á þróun nýrra heimkynna eða þjónustuaðstöðu þegnanna: Iðnþróunarnefnd, Rannsóknaráð ríkisins, Áfengisvarnararáð, Barnaverndarráð, Endurhæfingarráð, Ferðamálaráð, Iðnfræðsluráð, Menntamálaráð ásamt Menningarsjóði og Bókaútgáfu Menningarsjóðs, Náttúruverndarráð, Umferðarráð, Verðlagsráð sjávarútvegsins, Skilorðseftirlit ríkisins, Tryggingaeftirlit ríkisins, Yfirdýralæknisembættið; (c) Ýmsar fjármálastofnanir og þjónustustofnanir sem einkum eiga viðskiptaaðila á höfuðborgarsvæðinu: Fiskimálasjóður, Fiskveiðasjóður Íslands, Iðnrekstrarsjóður, Iðnþróunarsjóður, Lánasjóður ísl. námsmanna, Tryggingasjóður fiskiskipa, Viðlagasjóður, Blóðbankinn, Skrifstofa ríkisspítalanna, Útflutningsmiðstöð iðnaðarins; (d) Smærri skólar sem lítil áhrif hefðu á byggðapróun og skólar sem eru sérstaklega tengdir annarri starfsemi á höfuðborgarsvæðinu: Blindraskólinn, Fóstruskóli Íslands, Hótel-og veitingaskóli Íslands, Heyrnleysingjaskólinn, Ljósmeðraskóli Íslands, Röntgentæknaskólinn, Proskapjálfaskólinn; (e) Menningarstofnanir, einkum sérhæfð söfn, sem vegna starfsemi sinnar, húsakynna og starfsaðstöðu eru bundnar við þetta svæði: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Landsbókasafn Íslands, Listasafn Ásgríms Jónssonar, Listasafn Einars Jónssonar, Þjóðskjalasafn Íslands; (f) Ýmis fyrirtæki og stofnanir sem vegna fjárfestingar og viðskipa yrðu annars staðar mjög óhagkvæm í rekstri: Veðurstofa Íslands, Áburðarverksmiðja ríkisins, Lyfjaverslun ríkisins, Landssmiðjan, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sala varnarliðseigna, Samábyrgð Ísl. á fiskiskipum, Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar, Sjólmælingar Íslands, Sölustofnun lagmetisiðnaðarins, Grænmetisverslun ríkisins.

2) Nefndin leggur til að eftirtaldar 25 stofnanir verði fluttar í heild frá höfuðborgarsvæðinu: Búnaðarfélag Íslands (B1), Búreikningastofa landbúnaðarins (B1), Framleiðsluráð landbúnaðarins (B1), Landnám ríkisins (B1), Rannsóknastofnun landbúnaðarins (B1), Sauðfjárveikivarnir (B1), Veiðimálastofnunin (B1), Veiðistjóraembættið (B1), Orkustofnun ásamt Jarðborunum ríkisins, Jarðvarmaveitum ríkisins og Gufuborunum ríkisins og Reykjavíkurborgar (B2), Landsvirkjun (B2), Rafmagnsveitur ríkisins (C8), Kennaraháskóli Íslands ásamt Æfinga- og tilraunaskólanum (C6), Húsmæðrakennaraháskóli Íslands (C6), Tækniskóli Íslands (C6), Fiskvinnsluskólinn (C3),

Biskupsembættið ásamt Hjálparstofnun kirkjunnar (B2), Landhelgisgæslan (B3), Landmælingar Íslands (C8), Skógrækt ríkisins (C8), Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (B1).

3) Nefndin leggur til að deildir eftirtalinna stofnana verði fluttar frá höfuðborgarsvæðinu þótt aðalstöðvar þeirra verði þar áfram: Verkfæði- og raunvísindadeild Háskóla Íslands (C6), Raunvísindastofnun háskólans (C6), Guðfræðideild, að hluta (B2), Stofnun Árna Magnússonar (C6), svif- og botndýradeild Hafrannsóknastofnunarinnar (C3), grasafræðideild Náttúrufræðistofnunar Íslands (C6), hluti málmíðnaðardeildar, skipasmíðadeild og vefjaiðnaðardeild Rannsóknastofnunar iðnaðarins (C6), strandferðadeild Skipaútgerðar ríkisins verði skipt í Vestfjarðadeild (C3) og Austfjarðadeild (C8)

4) Nefndin leggur til að eftirtaldar 36 stofnanir setji á stofn sérstök útibú utan höfuðborgarsvæðisins: Fiskifélag Íslands (C1-C9, C11), Framkvæmdastofnun ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Húsnæðismálastofnun ríkisins (B1-B3, C1-C11), Iðnþróunarstofnun Íslands (C6), Landhelgisgæslan (C3, C8), Siglingamálastofnun ríkisins (C3, C6, C8, C11), Skipulagsstjóraembættið (B1, B2, C3, C6, C8), Vita- og hafnarmálaskrifstofan (C3, C6, C8); eftirtaldar eftirlitsstofnanir: Almannavarnir ríkisins, Bifreiðæftirlit ríkisins, Brunamálastofnun ríkisins, Geislavarnir ríkisins, Heilbrigðiseftirlit ríkisins, Löggildingarstofan, Rafmagnseftirlit ríkisins, Verðlagskrifstofan, Öryggiseftirlit ríkisins (B1 - B3, C1-C11); Fasteignamat ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Fiskamat ríkisins og Síldarmat ríkisins, nú Framleiðslueftirlit sjávarafurða (C1-C9, C11), Húsameistaraembættið (C6), Innkaupastofnun ríkisins (B1, B2, C3, C6, C8), Fiskvinnsluskólinn (C1, C2, C5-C9, C11), Hjúkrunarskóli Íslands (C6), Myndlista- og handíðaskólinn (C3, C6, C8), Tækniskóli Íslands (C3, C8), Ríkisútvarpið (B1-B3, C3, C5, C6, C8), Þjóðleikhús (C3, C5, C7, C8), Fræðslumyndasafn ríkisins (B1, B2, C3, C5, C6, C8), Listasafn Íslands (B1-B3, C1, C3, C5-C8), Þjóðminjasafn Íslands (B1, B2, C3, C5, C6, C8, C11), Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins (C3, C6, C8) Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins (C1, C3, C5, C6, C8, C11), Hafrannsóknastofnunin (C1, C7, C9), Ferðaskrifstofa ríkisins (C6), Ríkisútgáfa námsbóka (B1, B2, C3, C4, C6, C8)

5) Nefndin leggur til að eftirtaldar stofnanir efli núverandi útibúastarfsemi sína utan höfuðborgarsvæðisins: Póstur og sími (B1, B2, C1, C3-C8, C10-C11), Vegagerð ríkisins (B1, B2, C3, C5, C6, C8), Bankastofnanir (B1-B3, C1-C11), Tryggingastofnun ríkisins (B1-B3, C1-C11), Stýrimannaskólinn (C3, C6, C8, C11), Vélskóli Íslands (C1, C3, C6, C8, C11), Áfengis- og tóbaksverslun

ríkisins, Brunabótafélag Íslands (B1-B3, C1, C3, C5, C6, C8, C11).

6) Auk framangreindra tillagna um aðsetur ríkisstofnana setur nefndin fram nokkrar aðrar tillögur: Tillögu um stofnsetningu Flutningsráðs ríkisstofnana sem annist heildarskipulagningu og yfirumsjón með flutningi ríkisstofnana; tillögu um aðgerðir til að draga úr vandamálum starfsfólks vegna flutnings viðkomandi stofnana; tillögu um skipun samstarfsnefnda vegna hvers einstaks stofnanaflutnings. Nefndin setur einnig fram ábendingar um þrjú framkvæmdatímabil fyrir fyrrgreindar tillögur um flutning og skipar hverri tillögu niður á ákveðið tímabil: I. 1977-1978, II. 1979-1980, III. 1981-1982.

Á grundvelli tiltekinna forsendna má áætla að tillögur nefndarinnar feli í sér flutning á samtals 3700 íbúum frá höfuðborgarsvæðinu til annarra landshluta. Þessi tala tekur til starfsmanna stofnana, fjölskyldna þeirra og nemenda þeirra menntastofnana sem nefndin leggur til að verði fluttar. Þessi íbúafjöldi samsvarar samanlögðum íbúafjölda Neskaupstaðar, Eskifjarðar og Seyðisfjarðar eða tæplega samanlögðum íbúafjölda Siglufjarðar og Sauðárkróks.

Nefndin leggur fram þrjú fylgiskjöl með álitinu: A. Frumvarp til laga um Flutningsráð ríkisstofnana; B. Aðsetur ríkisstofnana: Störf nefndar 1958-1962, C. Akureyri og menntaskólinn - Áhrif stofnunar á þróun bæjarfélags.

F y r i r v a r i

Þar eð aðalgagnasöfnun nefndarinnar fór fram á tímabilinu frá hausti 1972 til vors 1974 er mögulegt að einstök atriði varðandi skipulag, starfsmannafjöldi, húsakost og aðra þætti í aðbúnaði einstakra stofna kunni að hafa breyst lítilsháttar frá því sem lýst er í álitinu. Þótt nefndin telji að slíkar breytingar myndu ekki hafa áhrif á meginniðurstöður þykir henni rétt að taka fram að nefndarálitið er birt með fyrirvara um slíkar breytingar.

F y l g i s k j a l A

Flutningsráð ríkisstofnana

Frumvarp til laga

1. gr.

Eftir hverjar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi hlutfallskosningu sjö menn í Flutningsráð ríkisstofnana. Varamenn skulu kjörnir með sama hætti.

Forsætisráðherra skipar formann og varaformann Flutningsráðs ríkisstofnana úr hópi ráðsmanna.

2. gr.

Hlutverk Flutningsráðs ríkisstofnana er:

- (a) að vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum og einstökum ríkisstofnunum til ráðuneytis um staðarval og flutning ríkisstofnana, þar með taldar deildir og útibú slíkra stofnana.
- (b) að gera tillögur um staðarval nýrra ríkisstofnana og breytingar á staðarvali eldri stofnana,
- (c) að annast a. m. k. einu sinni á áratug heildarendurskoðun á staðsetningu ríkisstofnana og gera á grundvelli þeirrar endurskoðunar tillögur um breytingar sbr. lið (b),
- (d) að fylgjast með framkvæmd ákvarðana um flutning ríkisstofnana og staðsetningu nýrra stofnana og stuðla að því að auðvelda aðgerðir á þessu sviði.

3. gr.

Alþingi og einstök ráðuneyti skulu leita umsagnar Flutningsráðs ríkisstofnana áður en ákvarðanir eru teknar um staðarval nýrra ríkisstofnana eða breytingar á staðsetningu eldri stofnana, aðalstöðvum þeirra, deildum eða útibúum.

4. gr.

Flutningsráð skal við tillögugerð leita samráðs við hlutaðeigandi ráðuneyti og ríkisstofnanir, áætlanadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins, Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga og samtök opinberra starfsmanna og aðra aðila sem hlut eiga að mál

5. gr.

Flutningsráði er heimilt að setja á stofn samstarfs-
nefndir hinna ýmsu aðila sem tillögugerð ráðsins snertir eða
annast eiga framkvæmd á ákvörðunum um flutning ríkisstofnana.

6. gr.

Flutningsráði er heimilt að ráða sérstaka starfskrafta
til að annast tiltekin verkefni.

7. gr.

Flutningsráð ríkisstofnana heyrir undir forstætisráðu-
neytið og skal kostnaður við störf þess greiddast úr ríkissjóði.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal VII.

AFSTAÐA RÍKISSTJÓRNAR GEIRS HALLGRÍMSSONAR TIL NEFNDARÁLITS UM FLUTNING RÍKISSTOFNANA

(Apríl 1978.)

25. apríl 1972 skipaði forsætisráðuneytið nefnd „til að kanna staðarval ríkisstofnana og athuga hverjar breytingar koma helst til greina í því efni“. Ráðuneytinu barst álit nefndarinnar 29. nóvember 1975. Þann 9. desember 1975 ritaði ráðuneytið nefndinni bréf þar sem segir að fallist sé á það sjónarmið sem fram komi í bréfi nefndarinnar frá 19. maí 1975 „að tillögur nefndarinnar verði til almennrar og opinberrar umfjöllunar í a. m. k. nokkra mánuði eða missiri áður en stjórnvöld taka afstöðu til einstakra tillagna“. Í samræmi við þetta muni ráðuneytið hafa forgöngu um að álit nefndarinnar verði dreift til þingmanna, landshlutasamtaka, fjölmiðla, víðeigandi stofnana og fleiri. Þegar þessir aðilar hafi mótað afstöðu sína til málsins og viðtækar opinberar umræður farið fram um tillögur nefndarinnar hafi mótast forsenda fyrir því að stjórnvöld taki ákvarðanir sínar.

Þann 7. maí 1976 var málið til umræðu á Alþingi vegna fyrirspurna frá Sigurlaugu Bjarnadóttur alþingismanni. Í svari sínu sagði forsætisráðherra m. a.:

„Ríkisstjórnin hefur ekki enn talið tímabært að taka afstöðu til hugmynda um flutning ríkisstofnana út á landsbyggðina og af hálfu ríkisvaldsins er ekki hafinn undirbúningur að slíkum flutningi. Ákvarðana í þessu efni er ekki að vænta fyrir en þeir mörgu aðilar, sem fengið hafa nefndarálit um flutning ríkisstofnana til skoðunar, hafa sett fram sjónarmið sín að þessu leyti.“

Þann 16. september 1976 sendi ráðuneytið svohljóðandi bréf til fjölmargra aðila (sbr. meðfylgjandi yfirlit):

„Í desember s. l. sendi forsætisráðuneytið yður nefndarálit um flutning ríkisstofnana.

Ekki hefur enn verið tekin afstaða til þeirra hugmynda sem fram koma í álitinu af hálfu stjórnvalda. Með þessu bréfi er þess farið á leit við yður að þér greinið forsætisráðuneytinu frá skoðunum þeim sem þér kunið að hafa á nefndarálitinu — sérstaklega hvað yður varðar.

Svars við þessu bréfi er óskað fyrir lok október n. k.“

Með bréfi 26. nóvember 1976 var ítrekað við þá aðila sem ekki höfðu svarað bréfinu frá 16. september að þeir létu ráðuneytinu í ljós álit sitt. Á meðfylgjandi yfirliti kemur fram hverjar endanlegar heimtur urðu.

Enn kom málið til umræðu á Alþingi 1. mars 1977 vegna fyrirspurnar frá Helga F. Seljan alþingismanni og í svari sínu sagði forsætisráðherra m. a.:

„Telja verður eðlilegt að lögð sé vinna í það, þegar forsætisráðuneytinu hafa borist svör frá öllum þeim aðilum sem það ritaði, að vinna úr þessum svörum og e. t. v. leggja á það fjárhagslegan mælikvarða hvað framkvæmd á hugmyndum stofnananefndar kynni að kosta. Slíkt starf má vinna án þess að svonefnt flutningsráð sé sett á stofn. Þá er ekki úr vegi að hugað sé að endurútgáfu álits stofnananefndar með athugasemdum og umsögn viðkomandi stofnana eins og þær nú liggja fyrir.

Ég tel skynsamlegt að frekar sé unnið að útfærslu á hugmyndum nefndarinnar á vegum forsætisráðuneytisins áður en lengra er haldið.“

Með bréfi 21. október 1977 til alþingismannanna Ellerts B. Schrams og Ingvars Gíslasonar fór forsætisráðuneytið þess á leit að þeir létu ríkisstjórninni í té álit á tillögum stofnananefndar með hliðsjón af umsögnum um þær og umræðum á Alþingi.

Álit alþingismanna barst ráðuneytinu í febrúar 1976 og þar koma fram eftirfarandi tillögur um meðferð á álit stofnananefndar og tillögum hennar:

- „1. Ekki skuli ráðist í heildarflutning neinnar stofnunar án undangenginnar ítarlegrar endurskoðunar og fulls samráðs við stjórnir og forstjóra viðkomandi stofnunar.
2. Flutningsráð ríkisstofnana verði ekki sett á fót að svo stöddu.
3. Ráðherrar feli þeim ríkisstofnunum, sem undir þá heyrja, að gera áætlun um uppbyggingu útibúa og/eða deilda og þær áætlanir verði síðan samræmdar og framkvæmdar í samráði við byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins og fjárveitinganefnd Alþingis, eftir því sem aðstæður leyfa.
4. Álit stofnananefndar verði lagt fyrir Alþingi til kynningar og umræðu þannig að skoðanir og viðhorf alþingismanna til málsins í heild komi fram.“

Að fenginni þessari umsögn og eftir ítarlega athugun málsins í forsætisráðuneytinu var málið borið undir ríkisstjórnina og tekið til afgreiðslu í henni og afgreitt með eftirfarandi samþykkt:

„Að fengnum umsögnum einstakra stofnana um álit stofnananefndar og eftir að hafa kynnt sér umsögn þingmannanna Ellerts B. Schrams og Ingvars Gíslasonar hefur ríkisstjórnin fallist á meginatriði umsagnarinnar.

Ríkisstjórnin telur eðlilegt að áður en tekin sé ákvörðun um flutning ríkisstofnana úr höfuðborginni skuli liggja fyrir afstaða viðkomandi ráðuneytis, stjórnar stofnunar, forstöðumanns og starfsfólks til flutningsins og samþykki fjárveitinganefndar Alþingis. Leita skal umsagnar byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins um flutning ríkisstofnunar og kannar hún viðhorf sveitarfélaga“.

Fylgiskjal VIII.

Reykjavík 19. ágúst 1983.

Félagsmálaráðherra Alexander Stefánsson
Arnarhváli
101 Reykjavík.

Varðar: Starfslok samninganefndar um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Félagsmálaráðherra, í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens, Svavar Gestsson, skipaði 9. júlí 1982 eftirtalda menn til að vinna að fyrirhuguðum samningum um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga:

af hálfu ríkisstjórnarinnar

Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúa
Jón Orm Halldórsson, aðstoðarmann forsætisráðherra
Jón Sveinsson, lögmann

og af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga

Jón G. Tómasson, formann Sambandsins
Loqa Kristjánsson, bæjarstjóra
Ölvi Karlsson, oddvita
Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóra, sem varamann.

Formaður var skipaður Egill Skúli Ingibergsson verkfræðingur með samþykki beggja aðila. Ritari og starfsmaður nefndarinnar var ráðinn á fyrsta fundi hennar 23. júlí 1982, Hallgrímur Guðmundsson félagsfræðingur.

Jón G. Tómasson óskaði lausnar frá störfum í nefndinni 10. sept. 1982 og var Sigurgeir Sigurðsson þá skipaður aðalmaður en hann hafði setið nefndarfundum og tekið þátt í öðrum störfum hennar fram til þessa tíma.

Í skipunarbréfi segir að nefndin skuli ljúka störfum svo fljótt að unnt verði að taka tillit til niðurstöðu hennar við afgreiðslu fjárlaga 1983. Af ástæðum, sem að nokkru er frá greint í hjálagðri skýrslu um störf nefndarinnar, var starfstími hennar framlengdur til 15.03.1983.

Nefndin hélt 6 bókaða fundum, en störf hennar voru að mestu unnin af einstökum nefndarmönnum utan funda.

Nefndin hafði aðeins lokið umfjöllun nokkurra málaflokka, þegar stjórnarskipti fóru fram í maí 1983 og eftir var að ganga frá skýrslu um þá málaflokka, sem teknir höfðu verið til meðferðar, en mikið af

gögnum og upplýsingum hafði verið safnað og úr þeim unnið að mestu.

Í samráði við yður, hr. félagsmálaráðherra, var að ráði að formaður nefndarinnar og ritari gengju frá skýrslu um störf hennar, eins og þau stóðu við stjórnarskiptin og var það í samræmi við bókun í fundargerð þann 14. mars 1983.

Þú skýrsla, SKÝRSLA SAMNINGANEFNDAR UM VERKASKIPTINGU RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA, dagsett í ágúst 1983, fylgir bréfi þessu.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir störfum nefndarinnar og þeim niðurstöðum sem samkomulag hafði náðst um.

Reynt er að meta með hliðsjón af útgjöldum fyrri ára, hver kostnaðarskipting yrði milli ríkis og sveitarfélaga, ef tillögur nefndarinnar kæmu til framkvæmda, en ekki tekið tillit til hugsanlegra áhrifa af breyttri stjórnun viðkomandi málaflokks.

En aðalrök bak tillagna nefndarinnar eru, að fjárhagsleg ábyrgð og stjórnun fari saman, og að án þess að þeirri grundvallarforsendu sé fullnægt, verði allar breytingar tilgangslitlar.


Í skýrslunni er ekki tekið á því hvernig staðið skuli að því að koma í framkvæmd því, sem mælt er með en bent á hvaða lög eru í gildi um hina ýmsu málaflokka sem breyta þarf, eigi að fylgja tillögunum eftir.


Nefndin kom saman til fundar þann 19. ágúst 1983, þar sem skýrsla nefndarinnar var á dagskrá. Samstaða var um helstu niðurstöður nefndarinnar, sem birtar eru í kafla 2.0.


Virðingarfyllt



Eðill Skúli Ingibergsson, form.



Gunnar Rafn Sigurbjörnsson.


Jón Ormur Halldórsson.


Jón Sveinsson.


Logi Kristjánsson.


Sigurgeir Sigurðsson.


Ölvir Karlsson.

1.0. Skipunarbréf - verkefnið

Samarið 1982 gerði ríkisstjórnin svofellda samþykkt:

"Frá og með næstu áramótum yfirtaki sveitarfélögin verkefni af ríkinu eftir sérstökum samningi, sem unnið skal að á vegum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í því skyni verði einhverjir tekjustofnar sem ríkið hefur nú látnir renna til sveitarfélaganna þannig að þau fái viðbótartekjur til að standa undir nýjum verkefnum, eftir því sem um semst. Jafnframt verði svigrúm sveitarfélaganna og fyrirtækja þeirra til tekjuöflunar aukið frá því sem verið hefur.

Til að vinna að samningum um þessi efni verði skipað sérstök samninganefnd sem í eigi sæti þrír menn tilnefndir af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, þrír menn frá ríkisstjórninni og formaður tilnefndur með samkomulagi ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Nefndin skal hafa lokið störfum svo snemma að unnt verði að taka tillit til niðurstöðu hennar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1983.

Auk þess sem að framan greinir, skal nefndin kanna með hvaða hætti er unnt að tryggja sveitarfélögum í þéttbýli betri möguleika til þess að leggja varanlegt slitlag á götur, t.d. með því að myndaður verði sérstakur framkvæmdasjóður í þessu skyni. Skal tekið tillit til þessa við uppgjör á verkefnum ríkis og sveitarfélaga."

Á grundvelli þessarar samþykktar skipaði þáverandi félagsmálaráðherra, Svavar Gestsson, nefnd þann 9. júlí 1982 til að vinna að fyrirhuguðum samningum.

Í nefndina voru skipaðir af hálfu ríkisstjórnarinnar Gunnar Rafn Sigurbjörnsson, fulltrúi í félagsmálaráðuneyti, Jón Ormur Halldórsson, aðstoðarmaður forsætisráðherra og Jón Sveinsson, lögmaður. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru tilnefndir Jón G. Tómasson, formaður Sambandsins, Logi Kristjánsson, bæjarstjóri og Ölvir Karlsson, oddviti Ásahrepps. Varamaður þeirra var tilnefndur Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri.

Egill Skúli Ingibergsson, verkfræðingur, var skipaður formaður nefndarinnar með samþykki beggja aðila.

Með bréfi dagsettu 10. september 1982 óskaði Jón G. Tómasson eftir að verða leystur frá störfum í nefndinni, þar sem hann hafði látið af formennsku í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sambandið skipaði í hans stað Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóra, til að eiga sæti í nefndinni.

Þar sem nefndin hafði enn ekki lokið störfum í ársbyrjun 1983 óskaði félagsmálaráðherra með bréfi dagsettu 7. febrúar 1983, eftir því að nefndin héldi áfram störfum og skilaði áfangaskýrslu fyrir 15. mars 1983.

Ennfremur óskaði félagsmálaráðherra þess, "að nefndin fjallaði almennt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og önnur samskipti þessara aðila og stofnana þeirra með það fyrir augum að þau verði gerð greiðari og einfaldari og skila tillögum þar að lútandi."

2.0. Helstu niðurstöður samninganefndarinnar.

Gatnagerð í þéttbýlissveitarfélögum.

Nefndin leggur til, að á næstu fjórum til sex árum verði stefnt að því, að 85-95% af heildarlengd gatnakerfis í þéttbýlissveitarfélögum verði lagt bundnu slitlagi og næsta nágrenni við opinberar byggingar svo sem skóla, kirkjur og félagsheimili. Þessu marki má ná verði umræddum sveitarfélögum gert kleift að leggja bundið slitlag á 10 til 15 km til viðbótar á ári frá því sem nú er. Kostnaður vegna 10 km viðbótar á ári er um 36,6 milljónir króna miðað við verðlag í ágúst 1982 eða um 21 milljón miðað við verðlag í ársbyrjun 1981

Heilbrigðisþjónusta.

Nefndin leggur til, að heilbrigðisþjónustan verði að öllu leyti í umsjá ríkisins og aðild sveitarfélaga að byggingu og rekstri sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva verði afnumin. Í kjölfar þessara breytinga verði allar sjúkrastofnanir fjármagnaðar með fjárveitingum af fjárlögum í stað daggjalda og sjúkrasamlög lögð niður. Breytingar þessar hafa í för með sér verulega aukningu útgjalda fyrir ríkissjóð. Áætlað er að heildarrekstrarútgjöld sveitarfélaganna til heilbrigðismála hafi verið um 140 milljónir króna árið 1981, sem hefðu þá komið í hlut ríkisins, ef breytingarnar hefðu verið komnar á, auk 15-20 milljóna króna, sem eru áætluð útgjöld sveitarfélaganna til stofnkostnaðar og búnaðar sjúkrastofnana og heilsugæslustöðva svo og viðhalds.

Dagvistarstofnanir fyrir börn.

Nefndin leggur til, að sveitarfélögin taki að sér byggingar og rekstur dagvistarheimila fyrir börn og taki að öllu leyti við skuldbindingum ríkissjóðs gagnvart Alþýðusambandi Íslands, sem gerðar voru við lausn kjarasamninga í október 1980. Árleg meðalútgjöld sveitarfélaganna næstu 7 ár yrðu um 24,5 milljónir króna vegna umsamdra framkvæmda og er þá miðað við verðlag ársins 1981.

Félagsheimili.

Nefndin leggur til, að bygging og rekstur félagsheimila verði eingöngu verkefni sveitarfélaga og samtaka innan þeirra. Tekjustofn Félagsheimilasjóðs, skemmtanaskatturinn, verði þá annaðhvort lagður niður eða honum verði varið til annarra verkefna ríkisins. Framlög Félagsheimilasjóðs til einstaklinga og samtaka innan þeirra voru um 3 milljónir króna árið 1981.

Æskulýðs og íþróttamál.

Nefndin leggur til að æskulýðsmál, íþróttamál, svo og bygging og rekstur íþróttamannvirkja verði nær eingöngu verkefni sveitarfélaga. Fjárveiting Alþingis til æskulýðsmála árið 1981 var um 1.2 milljónir króna, til íþróttamála um 2.7 milljónir króna og til íþróttasjóðs 7.5 milljónir króna.

Skólakostnaður.

Nefndin samþykkti að leggja til við menntamálaráðherra að knýja á um afgreiðslu á frumvarpi til laga um skólakostnað, en það þýðir samkvæmt meðfylgjandi reksturskostnaðarathugun að kostnaðarauki ríkisins verður á verðlagi ársins '81 um 13 milljónir króna.

Gjaldskrár.

Nefndin leggur til að sveitarfélög ákveði sjálf gjaldskrár fyrir þjónustu sína, svo sem rafmagn og hita og að söluskatti af snjó- mokstri verði annað hvort aflétt eða hann endurgreiddur sveitarfélögum. Þá var útsvarsálagning sveitarfélaga rædd og fram komu hugmyndir, um að hún yrði gefin frjáls, en slík tillaga var ekki fullgerð þegar stjórnarskipti urðu.

Tillögur nefndarinnar fela í sér allmikla aukningu útgjalda fyrir ríkissjóð, eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti.

Fjármagnstilfærslur vegna breytingatillagna nefndarinnar.

Útgjaldaaukning ríkissjóðs		Útgjaldaaukning sveitarfélaga	
	(þús. kr.)		(þús. kr.)
Heilbrigðismál		Dagvistarheimili	
v/sjúkrastofnana	99.022	fyrir börn	24.500
v/heilsugæslu	42.300	Félagshemili	2.961
v/stofnkostn. og		Íþróttasjóður	7.500
viðhalds	<u>20.000</u>	Ýmis íþróttamál	2.680
	161.322	Æskulýðsmál	1.178
Skólamál		Gatnagerð þéttbýlis-	
v/frumvarps til laga		sveitarfélaga 10 km (15 km)	<u>21.000</u> (31.500)
um skólakostnað	<u>13.000</u>		<u>59.819</u> (70.319)
	<u>174.322</u>		

Fjárhagsstaða sveitarfélaga er víða mjög slæm og ber brýna nauðsyn til að auka tekjustofna þeirra eða létta af þeim verkefnum, eins og t.d. hlutdeild þeirra í heilbrigðisþjónustu, enda bendir margt til þess, að samaðild ríkis og sveitarfélaga á þessu sviði sé að mörgu leyti óhagkvæm. Með þessari tilfærslu yrði verulegri byrði létt af sveitarfélögum og það myndi skapa þeim aukið svigrúm til

framkvæmda á öðrum sviðum, eins og t.d. í gatnagerð.

Eins og fram kemur í framangreindu yfirliti er gert ráð fyrir að tillögur nefndarinnar hefðu haft í för með sér rúmlega 100 milljón króna útgjaldaaukningu fyrir ríkissjóð árið 1981, ef tillögurnar hefðu þá verið komnar til framkvæmda. Þó má ætla að mismunurinn verði nokkru minni, þegar til lengdar latur, því að þær breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á skipan heilbrigðismála ætti að skapa ríkissjóði tækifæri til að tryggja betri nýtingu fjármuna í heilbrigðiskerfinu.

Á hinn bóginn má gera ráð fyrir að útgjöld sveitarfélaganna til félagsheimila, æskulýðs- og íþróttamála aukist meira en reiknað er með í framangreindu yfirliti, þar sem fjárveitingar á fjárlögum hafa hvergi náð að standa undir mótframlögum ríkisins, á undanförunum árum, sem heimiluð eru í lögum.

Æskilegt væri þó að sveitarfélögin tækju á sínar herðar fleiri verkefni en nefndin leggur til. Nefndinni vannst hins vegar ekki tími til að leggja fram tillögur þar að lútandi.

Svo langt sem skýrsla þessi nær eru nefndarmenn henni sammála og staðfesta það með undirskrift sinni. Nefndin vill þó vekja athygli á þeirri forsendu, sem liggur þar að baki. Í starfi sínu gekk nefndin út frá ríkjandi skiptingu landsins í sveitarfélög og leit svo á, að það væri utan hennar verksviðs að fjalla um þetta grundvallaratriði.

Nefndarmenn voru hins vegar sammála um, að skipting landsins í svo mörg og svo fámenn sveitarfélög kæmi beinlínis í veg fyrir yfirlýst markmið með starfi nefndarinnar þ.e. flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Því lítur nefndin svo á, að tillögur hennar séu ekki annað en lítill áfangi í mikilvægu máli, en að raunverulegur árangur náist ekki án þess að fyrst verði gerðar breytingar, sem geri sveitarfélögum landsins kleift að fást við fleiri og stærri verkefni.

Nefndin vill sérstaklega vekja athygli á þessu þar sem um er að ræða þá forsendu sem liggur að baki samþykki nefndarmanna við meðfylgjandi tillögum og eins fyrir frekara starfi að þessum málum.

Virðingarfyllt

Egill Þorvaldur Ingilugsson

Gunnar Rafn Þorvaldursson

Ágúst Þorvaldursson

Þorvaldur Þorvaldursson

Ólafur Þorvaldursson

Ólafur Þorvaldursson

Ólafur Þorvaldursson

Fylgiskjal IX.

BYGGÐANEFND ÞINGFLOKKANNA — ERINDI TIL FORMANNA ÞINGFLOKKANNA

Reykjavík, 27. febrúar 1985.

Byggðanefnd þingflokka var skipuð í kjölfar afgreiðslu Alþingis á frumvarpi um breytingar á stjórnarskránni (105. löggjafarþing, 206. mál). Markmið nefndarinnar er að fylgja eftir samkomulagi formanna þeirra stjórnsmálaflokka sem þá áttu fulltrúa á Alþingi og sem birt var í greinargerð með frumvarpinu. Þar segir:

„Þingflokkar . . . sem að frumvarpi þessu standa, hafa . . . orðið ásáttir um eftirfarandi:

. . .

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukið, óháð búsetu þeirra. Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismununar vegna búsetu gætir helst.“

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir:

Lárus Jónsson, formaður,
Eiður Guðnason,
Helgi Seljan,
Kristín Halldórsdóttir,
Ólafur P. Þórðarson og
Stefán Benediktsson.

Nefndin hefur notið aðstoðar starfsmanna byggðadeildar Framkvæmdastofnunar, þeirra Bjarna Einarssonar og Sigurðar Guðmundssonar.

Alls hefur nefndin haldið 12 fundi. Hún hefur meðal annars átt viðræður við fulltrúa landshlutasamtaka sveitarfélaga um verkefni sitt. Þá fékk nefndin Björn Friðfinnsson á sinn fund til að kynna frumvarpsdrög svonefndrar endurskoðunarnefndar um sveitarstjórnarlöggjöfina.

Nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að fá á þessu stigi málsins viðbrögð þingflokka við ákveðnum meginatriðum er varða hugsanlegar breytingar á stjórnskipun í landinu til þess að nálgast markmiðin um „aukna valddreifingu og virkara lýðræði“. Nefndin vill því beina eftirtöldum spurningum til þingflokks yðar:

1. Hvað eiga stjórnslustig í landinu að vera mörg?
2. Við hvað eiga stærðarmörk neðsu (minnstu) stjórnslueiningarinnar að miðast?
3. Hvernig á að tryggja virkara lýðræði og aukna valddreifingu með skipulagi, verkefnum og kosningareglum fyrir miðstig stjórnslunnar?
4. Hvernig á að skipta tekjustofnum og fjárhagslegri ábyrgð milli sveitarstjórna, héraðsstjórnar og ríkis?

Byggðanefnd þingflokka gengur út frá þeirri meginforsendu að til þess að ná fram markmiðinu um „virkara lýðræði og aukna valddreifingu“ sé nauðsynlegt að setja á stofn stjórnslustig milli ríkis og sveitarfélaga. Nefndin hefur ekki fjallað ítarlega um svæðaskiptingu eða fjölda svæða í hinu nýja stjórnslustigi og þaðan af síður hvað það ætti að nefnast.

Nefndarmenn eru sammála um að minnstu sveitarfélögin valdi alls ekki þeim verkefnum sem sveitarfélögum er skylt að annast samkvæmt lögum. Ekki hefur farið fram úttekt á því hversu stórt lágmarkssveitarfélag þyrfti að vera að mannfjölda eða efnahagsum-

svifum. Nefndin hefur látið gera grófan útreikning á því hversu mikil umsvif þurfa að vera í sveitarfélagi til þess að þar sé hægt að ráða sveitarstjóra í fullt starf. Er þá gengið út frá því að heildarkostnaður vegna yfirstjórnar sé ekki meiri en tíundi hluti útgjalda sveitarfélagsins, en það er ríflegt meðaltal minni þéttbýlissveitarfélaga. Sé miðað við þessi mörk þarf sveitarfélag að hafa 400—500 íbúa að lágmarki, nokkuð mismunandi eftir eðli og umfangi efnahagsstarfseminnar á staðnum. Að sjálfsögðu eru þessi mörk ekki afgerandi; þannig getur verið hægt að hafa sveitarstjóra í hlutastarfi, jafnvel sem sveitarstjóra í fleiri en einu sveitarfélagi, deila kostnaði með annarri starfsemi eða eyða hærri hluta tekna til þessa verkefnis.

Nefndinni er ljóst að sameining sveitarfélaga er mjög misjafnlega til þess fallin að bæta úr þeim vandræðum sem skapast hafa vegna fólksfæðarinnar. Þannig eru nokkur lítil sveitarfélög í námunda við önnur stór og geta sameinast þeim. Annars staðar eru mannfá sveitarfélög í tiltölulega þéttbýlum sveitum með allgóðar samgöngur. Þessi sveitarfélög geta sameinast án þess að samgönguferfiðleikar hamli eðlilegum tengslum enda milli í sveitarfélaginu. En sums staðar er svo að finna fámenn sveitarfélög, jafnvel hlið við hlið, þar sem samgöngur eru erfiðar og vegalengdir miklar. Á þessum svæðum getur sameining í engu bætt aðstöðu.

Nefndin vill benda á að þau samstarfsverkefni sem sveitarfélögin hafa tekið upp hafa mörg hver gefið góða raun. Fram hjá því verður þó ekki horft að slík samvinna hefur oftast verið í því formi að einn fulltrúi hverrar sveitarstjórnar ræður mestu um stefnuna í þessum málaflokkum.

Nefndarmenn eru sammála um að nauðsynlegt sé að hafa beinar hlutfallskosningar til héraðsstjórna. Hins vegar koma upp álitamál varðandi stærð héraðanna og kjörgengi til héraðsþinga.

Nefndarmenn eru sammála um að í upphafi skuli héraðsstjórnnum falin fá og skýrt afmörkuð verkefni og tekjustofnar í samræmi við það. Verkefnin verða þó að sjálfsögðu að skodast í samhengi við stærð héraðanna; eftir því sem héruðin eru stærri þeim mun fleiri verkefni geta þau tekið að sér. Þannig liggur það í hlutarins eðli að héraðsstjórnir munu taka að sér þau verkefni sem sveitarfélögin hafa leyst sameiginlega til þessa. Þá sjá menn fyrir sér að eftir því sem millistiginu vex fiskur um hrygg muni það geta tekið að sér fleiri verkefni.

Það er ósk byggðanefndar þingflokka að þessi atriði verði nú tekin til umræðu í þingflokki yðar og mörkuð skýr stefna sem geti verið nefndinni vegarnesti til þess að halda starfi sínu áfram.

Virðingarfyllt,
Lárus Jónsson, formaður.